




Handbók um efnavörueftirlit

Samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna
Október 2010

1.	Tilgangur og markmið	4
2.	Efnavörur og eftirlit á Íslandi.....	5
	Helstu flokkar efna og efnavara	5
	Hvað felst í efnavörueftirliti?	5
	Stjórnskipulag efnavörueftirlits á Íslandi	6
	RAPEX.....	7
	Starfsleyfi og samræmd starfsleyfisskilyrði.....	8
3.	Lög og reglur um efnavörur	9
	REACH (Skráning, mat, leyfisveitingar og takmarkanir að því er varðar efni).....	9
	Flokkun og merking efna.....	9
	Kröfur um stærð og útlit varnaðarmerkinga.....	10
	Reglur um öryggisblöð	11
4.	Leyfisveitingar	12
	Innflutnings- og söluleyfi eiturefna	12
	Notkunarleyfi – til nota í atvinnuskyni	13
	Eiturbeiðnir - til eigin nota (kaup og notkun).....	14
5.	Stjórnvaldsákvarðanir og þvingunarúrræði	15
6.	Helstu flokkar efna og efnavara og reglur sem um þá gilda	18
	Eiturefni og hættuleg efni	18
	Varnarefni	20
	Sæfiefni	21
	Snyrtivörur	22
	Þvotta- og hreinsiefni.....	23
	Málning og lökk.....	24
	Reglur um öryggislok og áþreifanlega viðvörun	25
	Reglur um úðabrusa.....	25
	Ýmis önnur efni	26
7.	Leiðbeiningar um tiltekna eftirlitsþætti.....	27
	Undirbúningur og framkvæmd eftirlits með merkingum efnavara	27
	Merkingarskyldar efnavörur	28
	Niðurstöður eftirlits - viðbrögð og eftirfylgni	39
	Leiðbeiningar um gerð bréfa.....	42

Úttekt á eiturefnageymslum og starfsháttum í tengslum við sölu á eiturefnum	49
Úttekt hjá innflytjendum/framleiðendum hættulegra efna	50
Eftirlit með öryggisblöðum	51
8. Gagnlegir tenglar.....	53

1. Tilgangur og markmið

Markmið laga er fjalla um efnavörur eru nánast samhljóða, þ.e. að vernda menn, dýr og umhverfi gegn hættu sem getur skapast af notkun slíkra efna, sbr. ákvæði skv. fyrstu greinar laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur:

"Markmið laga þessara er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi ekki tjóni á heilsu manna og dýra eða á umhverfi og hins vegar að tryggja frjálst flæði á efnavörum á markaði. Í því skyni skal byggja á þeirri grundvallarreglu að framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur efna og efnablandna skuli ganga úr skugga um að þau efni sem þeir framleiða, flytja inn eða nota valdi ekki tjóni á heilsu manna eða umhverfi."

Til að ná markmiðum laganna er Umhverfisstofnun falið yfirumsjónar- og samræmingarhlutverk auk eftirlits með framleiðslu, innflutningi og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með starfsemi sem það hefur gefið út starfsleyfi fyrir skv. öðrum lögum.

Tilgangur þessarar handbókar er að vera leiðbeiningarrit fyrir heilbrigðisfulltrúa við eftirlit með efnavörum og stuðla þannig að samræmdu efnavörueftirliti í landinu. Einnig er handbókinni ætlað að vera fræðsluefni fyrir nýja heilbrigðisfulltrúa. Í henni er að finna á einum stað fróðleik, leiðbeiningar og verklagsreglur um efnavörueftirlit.

Helstu markmið við gerð eftirlitshandbókarinnar voru að framfylgja kröfum íslenskrar löggjafar um samræmingar- og fræðsluhlutverk Umhverfisstofnunar og hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með efnavörueftirliti. Handbókin á að stuðla að samræmingu í störfum heilbrigðisfulltrúa og tryggja sömu hæfni allra sem koma að eftirliti með efnavörum.

Handbókin er sett þannig upp að í 2. kafla er fjallað almennt um efnavörur og eftirlit, í 3. og 4. kafla er fjallað um hvaða lög og reglur gilda um málaflokkinn, þ.m.t. hvaða efnaflokkar eru háðir leyfisveitingum. Þá er fjallað um stjórnvaldsákvæðanir og þvingunarúrræði í 5. kafla og um helstu flokka efna og efnavara og reglur sem um þá gilda í 6. kafla. Viðamesti kafla handbókarinnar er 7. kaflinn en hann inniheldur leiðbeiningar og gátlista um tiltekna eftirlitsþætti. Að lokum eru nokkrir gagnlegir tenglar í 8. kafla.

Umhverfisstofnun (UST) og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) unnu í sameiningu að gerð eftirlitshandbókarinnar. Verkefnisstjóri var Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir (UST) og í vinnuhópnum voru auk hennar þeir Einar Oddsson (HES), Gunnar Kristinsson (HES), Helga Hreinsdóttir (HES), Sigríður Kristjánsdóttir (UST) og Tore Skjenstad (HES).

Handbókin er lifandi plagg sem breytist eftir því sem löggjöf um efnavörur breytist og er því eingöngu á rafrænu formi. Til að tryggja að upplýsingar í handbókinni séu réttar skal hún uppfærð reglulega, m.t.t. breytinga á lögum og reglugerðum í málaflokknum og annarra þátta sem máli skipta.

2. Efnavörur og eftirlit á Íslandi

Helstu flokkar efna og efnavara

Efni og efnavörur eru hluti af daglegu lífi okkar og mynda stóran og fjölbreyttan hóp af hinum ýmsu vörutegundum. Þau geta haft hættulega eiginleika, verið ertandi, ætandi og jafnvel eitruð og hefur verið sýnt fram á tengsl ýmissa efna við ákveðna sjúkdóma. Erfitt getur verið að flokka efni og efnavörur en í þessari handbók er þeim til einföldunar skipt í flokka eftir reglugerðum sem um þá gilda. Þó er vert að benda á að oft eru ekki skörp skil á milli flokka og stundum á sér stað ákveðin skörun.

Dæmi um efnaflokka eru eiturefni, varnarefni, sæfiefni, þvotta- og hreinsiefni, málning og lökk og snyrtivörur. Í 5. kafla er að finna hvaða reglur gilda um hvern efnaflokk.

Hvað felst í efnavörueftirliti?

Markmið efnavörueftirlits er að tryggja að hvorki almenningur né umhverfi verði fyrir skaða vegna framleiðslu, notkunar eða förgunar á efnum og efnavöru. Eftirlitið felst í því að skoða hvort farið sé eftir þeim lögum, reglum og leyfum sem settar eru til að tryggja ofangreind markmið.


Efni og efnavörur er viðamikill málaflokkur með tilheyrandi eftirlitsskyldum. Viðamesti þáttur eftirlitsins í dag er að kanna hvort vörur á markaði séu merktar skv. gildandi lögum og reglum, en margt annað þarf að skoða eins og t.d. hvort:

- skráningarskyld efni hafa verið skráð skv. REACH
- reglur um leyfisveitingar, bönn og takmarkanir á tilteknum efnum séu virtar (REACH)
- sala á einstökum efnavörum er leyfileg, þ.e. hvort efnin mega vera á almennum markaði, sbr. nýjar reglur um sæfiefni.
- öryggisblöð séu til staðar þar sem þess er krafist og þau uppfylli settar kröfur.
- eiturefnageymslur og starfshættir í tengslum við sölu á eiturefnum uppfylli settar kröfur.

Eftirlit er bæði reglubundið þar sem heilbrigðisfulltrúar fara með reglulegu millibili á staðinn og skoða hvort settum reglum sé fylgt. Auk reglubundins eftirlits eru gerð átaksverkefni sem eru undirbúin innan Efnavöruhóps sem er samráðsvettvangur ríkis og sveitarfélaga um efnavörur. Í Efnavöruhópi sitja heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna og starfsmenn Umhverfisstofnunar.

Stjórnskipulag efnavörueftirlits á Íslandi

Opinbert eftirlit með efnum og efnavörum á Íslandi heyrir undir 5 ráðuneyti, sjá mynd:



Mynd 1: Stjórnskipulag efnavörueftirlits

Hlutverki Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Vinnueftirlitsins, Tollstjóra og Neytendastofu er stuttlega lýst hér að neðan:

Umhverfisstofnun

- Hefur umsjón með reglugerðum, innleiðingu á gerðum vegna aðildar að EES og sér um kynningu og útgáfu á fræðsluefni sem tengjast notkun á efnavörum.
- Fer með samræmingar- og fræðsluhlutverk til handa heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna.
- Veitir starfsréttindi fyrir garðaúðun og eyðingu meindýra.
- Heldur utan um skráningu varnarefna til notkunar hérlandis.
- Umsögn stofnunarinnar þarf fyrir leyfi til innflutnings og sölu eiturefna og samþykki fyrir innflutningi á eiturefnum í hvert skipti.
- Hefur eftirlit með innflutningi eiturefna og yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti hvað varðar sölu og meðhöndlun á efnavörum.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

- Markmið heilbrigðiseftirlits er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi sbr. 1. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Landinu er skipt í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði. Hverju heilbrigðiseftirlitssvæði stjórnar heilbrigðisnefnd, sem er tilnefnd af viðkomandi sveitarfélögum. Heilbrigðiseftirlit starfar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

- Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þeir hafa umsjón með starfsleyfisgerð og eftirliti með efnavörum, hollustuháttum, matvælum, mengandi starfsemi og umhverfisgæðum innan viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðis.

Vinnueftirlitið

- Hefur það að markmiði að vernda starfsmanninn í sínu vinnuumhverfi og leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum um hvað þurfi að bæta í vinnuumhverfinu.
- Hefur eftirlit og umsjón með að vinnuverndarlögunum, reglum og reglugerðum sé framfylgt og hefur markaðseftirlit með vélum og tækjum.

Tollstjóri

- Hlutverk Tollstjóra er m.a. að stuðla að því að löggjöf um inn- og útflutning sé fylgt. Í því felst m.a. eftirlit með inn- og útflutningi á vörum og flutningi á ótollafgreiddum vörum.

Neytendastofa

- Hefur eftirlit með viðskiptalífinu og vinnur skv. lögum frá Alþingi sem sett eru vegna öryggis og réttinda neytenda. Er tengiliður Íslands í RAPEX tilkynningakerfinu.

RAPEX

RAPEX er tilkynningakerfi þar sem koma fram ábendingar til allra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu varðandi allar hættulegar vörur aðrar en matvæli, lækningavörur og lyf. Neytendastofa tekur við þessum tilkynningum fyrir Íslands hönd og kemur ábendingum áleiðis til réttra aðila. Ef vara finnst á markaði sem brýtur gegn settum reglum um styrk innihaldsefna þá eru tilkynningarnar sendar til Umhverfisstofnunar sem kemur þeim áfram til eftirlitsaðila.

Starfsleyfi og samræmd starfsleyfisfiskilyrði

Starfsleyfi er skriflegt leyfi þar sem tilteknum rekstraraðila er heimilað að starfrækja tilgreinda starfsemi að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga og reglugerða. Því þarf að athuga hvort gerð sé krafa um sérstakt starfsleyfi til fyrirtækjareksturs á viðkomandi sviði áður en fyrirtæki er stofnað. Óheimilt er að hefja starfsleyfisfiskilyrði starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út.

Fyrirtæki sem vinna eða versla með efnavörur ber að hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélags eða Umhverfisstofnun í samræmi við [Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti](#) og [Reglugerð nr. 785/1999](#) um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í fylgiskjali 1 við reglugerð 941/2002 má finna lista fyrir starfsemi sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi, sjá <http://www.ust.is/media/log/r2002-941.pdf>.

Í fylgiskjali 1 við reglugerð 785/1999 má finna lista yfir atvinnurekstur sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi. Í fylgiskjali 2 við sömu reglugerð má finna lista yfir atvinnurekstur sem Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi, sjá http://www.ust.is/media/fraedsluefni/reglugerd_785-1999_m_breytingum.pdf.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna lista yfir starfsleyfi sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með: <http://www.ust.is/Adofinni/starfsleyfi/starfsleyfigildi/>.

Eftirlit með starfsleyfisfiskilyrðum starfssemi skiptist á milli Umhverfisstofnunar og HES þannig að Umhverfisstofnun hefur eftirlit með þeirri starfsemi sem hún gefur út starfsleyfi fyrir og HES fyrir þá starfssemi sem það gefur út starfsleyfi fyrir.

Umhverfisstofnun hefur það hlutverk að samræma skilyrði í starfsleyfum fyrir atvinnuvegina. Slík samræmd starfsleyfisfiskilyrði eru forskriftir að starfsleyfum sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og Umhverfisstofnun gefa út í samræmi við lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna upplýsingar um samræmd starfsleyfisfiskilyrði sem unnin hafa verið í samstafi UST og HES, <http://www.ust.is/RadgjofOgThjonusta/Mengunarvarnir/nr/482>. Þar má t.d. finna samræmd starfsleyfisfiskilyrði fyrir verslun með merkingarskyldar efnavörur, þar með taldar snyrtivörur, http://www.ust.is/media/ljosmyndir/mengun/Starfsleyfisfiskilyrði_fyrir_verslun_med_merkingars_efnav.s.s._snyrtivorur_uppf._b.nov.06.pdf

3. Lög og reglur um efnavörur

Lög tengd efnavörueftirliti eru helst lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur (REACH) og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frekari upplýsingar um lög um efni og efnavörur má finna á vef Umhverfisstofnunar á slóðinni

http://ust.is/LogOgReglur/Log#Mengunarvarnir_eiturefni.

Reglugerðir er varða efni og efnavörur hafa flestar stoð í [lögum nr. 52/1988](#) um eiturefni og hættuleg efni. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er hægt að skoða reglugerðir í gildi út frá flokkun og tímaröð. Í ákveðnum tilvikum hafa ákvæði breytingareglugerða verið felld inn í stofnreglugerðina til hægðarauka fyrir lesendur, sjá <http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/>. Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti er hins vegar að finna á eftirfarandi vefslóð á heimasíðu stofnunarinnar, sjá <http://www.ust.is/media/log/r2002-941.pdf>.

REACH (Skráning, mat, leyfisveitingar og takmarkanir að því er varðar efni)

REACH reglugerðin um skráningu, mat, leyfisveitingu efna er heildstætt kerfi fyrir efni og efnavörur innan Evrópska efnahagssvæðisins og var innleidd á Íslandi árið 2008. Með henni færast ábyrgð á áhættumati efna og efnavara frá yfirvöldum til iðnaðarins. Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd REACH á Íslandi.

REACH gengur út á að skrá og áhættumeta öll efni og efnasambönd sem eru framleidd eða flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið í meira magni en 1 tonn á ári, með ákveðnum undantekningum þó. Í viðauka XIV er að finna leyfisskyld efni og í viðauka XVII lista yfir efni sem eru háð takmörkunum. Reglur um gerð öryggisblaða eru að finna í viðauka II en áður voru þær í sér reglugerð sem nú hefur verið felld niður.

Ítarlegar upplýsingar um REACH er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, á svokölluðu REACH þjónustuborði, sjá <http://www.ust.is/efniogefnavorur/REACH/>.

Flokkun og merking efna

Til að forðast slys af völdum efna og efnavara er framleiðendum og innflytjendum skylt að flokka og merkja vöruna til að tryggja örugga notkun hennar. Flokkunin getur verið á grundvelli heilsuskaða, eðliseiginleika eða áhrifa á umhverfið og byggjast kröfur um m.a. merkingar, umbúðir, notkun og sölu efnisins á þessari flokkun. Með því móti er verið að vernda bæði neytandann og umhverfið.

Reglugerðir um flokkun og merkingar á efnum og efnavöru eiga sér allar stoð í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Í dag er grunnreglugerðin nr. 236/1990 og hafa margar breytingar verið gerðar á henni í gegnum árin. Reglugerðin skilgreinir hvaða vörur teljast hættulegar. Gefnar eru forsendur fyrir hættuflokkun efna sem síðan er grundvöllur fyrir hættuflokkun vörutegunda. Í fylgiskjölum reglugerðarinnar (nr. 1 og 1a) er listi yfir eiturefni og hættuleg efni, sjá <http://www.ust.is/media/log/r1990-236.pdf>

Merkingar á efnum og efnavöru m.t.t. hættu af völdum eiturefna eða annarra hættulegra efna, skulu ávallt vera á íslensku. Gerð er krafa um varnaðarmerkingar og er þeim ætlað að sýna þá hættu sem af efnunum stafar og vera leiðbeinandi um notkun og geymslu auk þess að gefa upplýsingar um hvað gera skuli ef slys ber að höndum. Um þessar vörur gilda einnig ákvæði um meðferð, sölu, dreifingu, flutning og varðveislu.

Skv. gr. 20.1 í reglugerð 236/1990 þá er innlendur framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili ábyrgur fyrir því að umbúðir fyrir eiturefni, hættuleg efni eða vörur sem innihalda slík efni séu merktar í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, áður en vörunni er dreift til sölu eða notkunar. Þá er söluaðila óheimilt að selja ofangreindar vörutegundir, ef umbúðir eru vanmerktar.

Árið 2010 verður innleidd ný flokkunar og merkingarreglugerð á Íslandi sem byggir alfarið á EB reglugerð nr. 1272/2008 sem þekkt er undir skammstöfuninni CLP (Classification, Labelling and Packaging) þar sem tekið er upp samræmt flokkunar- og merkingarkerfi efna á heimsvísu. Ábyrgðin með flokkuninni færir frá yfirvöldum yfir á markaðinn en flokkun nokkurra varasömustu efnanna verður áfram samræmd. Ný samræmd varnaðarmerki verða tekin í notkun auk nýrra hættuflokka og hættu- og varnaðarsetninga.

Upplýsingar um flokkun og merkingu skv. reglugerð nr. 236/1990 má finna hér:

<http://www.ust.is/Efnavoruroghaettulegefni/Flokkunogmerkingar/>

Upplýsingar um nýja flokkun og merkingu, CLP, má finna hér:

http://www.ust.is/media/log/CLP-flokkar_og_takn.pdf

Kröfur um stærð og útlit varnaðarmerkinga

Samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 eru ákveðnar lágmarkskröfur gerðar um stærð og útlit sjálfra varnaðarmerkinganna. Þar segir að miðinn skuli vera á umbúðunum sjálfum eða á merkimiða sem er tryggilega festur á umbúðirnar. Texti skal vera með greinilegu lettri, á áberandi stað, auðlesinn og aðskilinn frá öðrum upplýsingum eða myndskreytingum á umbúðum. Litur og hönnun merkimiða og umbúða skulu vera þannig að varnaðarmerki og bakgrunnur þess skeri sig greinilega úr. Varnaðarmerki má ekki vera minna en 1 cm² og stærð hvers merkis má ekki vera undir 1/10 hluta þess rýmis sem ætlað er fyrir merkingu. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna nánari upplýsingar, auk skýringarmynda, sjá: <http://www.ust.is/media/fraedsluefni/midastaerd.pdf>

Reglur um öryggisblöð

Með innleiðingu á REACH reglugerðinni voru leiðbeiningar um samantekt öryggisblaða endurskoðaðar og settar inn í viðauka II. Gamla reglugerðin um öryggisblöð var hins vegar felld úr gildi.

Öryggisblað skal fylgja efnavöru ef:

- a) efnavaran er hættuleg eða eitruð, sbr. lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni
- b) efnavaran er þrávirk og safnast upp í lífverum
- c) efnavaran er háð markaðsleyfi.

Auk þess getur viðtakandinn óskað eftir að fá afhent öryggisblað þó efnavaran flokkist ekki sem hættuleg, ef efnablandan inniheldur hættuleg efni í ákveðnum styrkleika, sjá <http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#Oryggisblod>

Eðli vörunnar er ekki það eina sem skiptir máli í reglum um öryggisblöð heldur einnig hvenær skylt er að láta öryggisblað fylgja vöru. Eingöngu er skylt að afhenda öryggisblöð ef viðtakandinn ætlar að nota efnavöruna við iðnaðarstarfsemi/faglega starfsemi. Þegar almenningur kaupir hættulegt efni eða efnablöndu er ekki nauðsynlegt að láta öryggisblað fylgja, ef vörunni fylgja nægilegar upplýsingar til að notandinn geti gert nauðsynlegar ráðstafanir að því er varðar heilsuvernd, öryggi og umhverfisvernd. Hér eiga merkingar og varúðar- og hættusetningar á vörum að duga í flestum tilfellum en einnig eru til dæmi um að útbúnar séu sérstakar leiðbeiningar um örugga notkun.

Öryggisblaðið skal vera á íslensku og afhent á pappíriformi eða rafrænt, án endurgjalds. Öryggisblaðið skal afhent áður eða á sama tíma og efnavaran er afhent í fyrsta skipti. Ef um endurtekna pöntun er að ræða þarf ekki að afhenda öryggisblað í hvert skipti, nema breyting hafi orðið á því í millitíðinni.

Upplýsingagjöf í aðfangakeðjunni - váhrifasviðsmyndir

Með tilkomu REACH þá gildir nú að ef efni/efnavoru eru framleidd eða flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið í meira magni en 10 tonn á ári skal skráningaraðilinn gera efnaöryggisskýrslu en í henni eru skráðar niðurstöður úr sérstöku efnaöryggismati. Styrkur efna í efnablöndu þarf að ná ákveðnu marki til að þetta ákvæði gildi.

Uppfærsla öryggisblaða

Birgjar skulu uppfæra öryggisblaðið tafarlaust um leið og fyrir liggja nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á ráðstafanir við áhættustjórnun eða nýjar upplýsingar um hættu, þegar leyfi hefur verið veitt eða synjað og þegar takmarkanir hafa verið settar. Birgirinn skal senda uppfært öryggisblað á pappíriformi eða rafrænt til viðtakandans.

Sjá nánar um öryggisblöð á heimasíðu Umhverfisstofnunar,

<http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#Oryggisblod>

4. Leyfisveitingar

Ýmis hættuleg efni eru á markaði sem eru háð ákveðnum leyfisskilyrðum. Umhverfisráðuneytið og Vinnueftirlit veita leyfi til innflutnings og sölu á þessum efnum en heima í héraði sjá heilbrigðiseftirlit og lögreglustjórar um að veita notkunarleyfi til bæði iðnaðarstarfsemi og einkanota. Það er þó Umhverfisstofnun sem veitir leyfi til garðaúðunar og eyðingu meindýra í atvinnuskyni og stofnunin er umsagnaraðili við útgáfu eiturbeiðna, sölu-, og notkunarleyfa eiturefna. Stofnunin fylgist með innflutningi eiturefna til landsins og heimilar innflutning með áritun innflutningsskjala.

Auk ofangreindra leyfa munu ákveðin efni verða háð leyfisveitingum skv. ákvæðum REACH og listuð í viðauka XIV. Sjá nánar, <http://www.ust.is/efniogefnavorur/REACH/Almennt/Leyfisveitingar/>

Innflutnings- og söluleyfi eiturefna

Innflutningur á ákveðnum efnum og efnavörum er óheimill og í sumum tilvikum þarf sérstakt leyfi til innflutnings. Því ber innflytjanda efnavara að ganga úr skugga um hvort heimilt sér að flytja vöruna til landsins áður en hún er flutt inn og verða sér út um leyfi til innflutnings ef svo ber undir. Sjá nánar í 5. kafla.

Umhverfisstofnun veitir innflutningsheimildir fyrir efnavörur sem flokkast sem eiturefni auk sötthreinsandi efna og viðarvarnarefna. Vinnueftirlit ríkisins veitir innflutningsheimildir fyrir varnarefni. Þess er krafist af innflytjendum að þeir sendi innflutningsskjöl frá tollinum í hvert skipti sem þeir flytja inn eiturefni. Umhverfisstofnun fylgist með innflutningi eiturefna til landsins og heimilar innflutning með áritun innflutningsskjala.

Þeir sem vilja selja eiturefni í hættuflokkum Tx og T (hauskúpumerkt) er skylt að hafa sérstakt söluleyfi og þurfa sölustaðir eiturefna að uppfylla ákveðnar reglur. Einungis má selja eiturefni hafi viðkomandi leyfi Umhverfisráðherra til þess og er Umhverfisstofnun umsagnaraðili við útgáfu slíkra sölu- og innflutningsleyfa eiturefna. Leyfi þessi gilda í allt að 5 ár.

Söluaðilar eiturefna þurfa að hafa innflutnings og söluleyfi sem Umhverfisráðuneyti gefur út. Með umsókn um söluleyfi þarf að fylgja umsögn frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og vinnueftirliti ríkisins um eiturefnageymslur og aðbúnað starfsmanna. Einnig þarf að vera starfsmaður hjá söluaðila sem hefur viðeigandi þekkingu á umræddum efnum og hefur umsjón með sölunni. Umhverfisráðuneytið leitar til Umhverfisstofnunar sem gefur umsögn áður en leyfið er veitt. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með söluaðilum og Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með eftirlitinu.

Nauðsynlegt er að til séu gögn um kaupendur eiturefna. Því er seljendum eiturefna skylt að færa í þar til gerða sölubók, í rétttri tímaröð, alla sölu slíkra efna. Slíkar sölubækur er hægt að nálgast hjá Umhverfisstofnun og skal frumritum úr sölubókinni senda í lok hvers árs til stofnunarinnar. Við kaup á eiturefnum er einstaklingum skylt að framvísa gildu notkunarleyfisskírteini eða eiturbeiðni

Sjá nánar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/Umsoknir/nr/103>

Notkunarleyfi – til nota í atvinnuskyni

Um tvö mismunandi leyfi er að ræða, þ.e. *Leyfi til kaupa og notkunar eiturefna í flokki T og Tx* og *Leyfi til kaupa og notkunar varnarefna í flokki X og A*

Leyfi til kaupa og notkunar eiturefna í flokki T og Tx (Eitur og sterkt eitur)

Sérstaks leyfis er krafist af þeim sem vilja kaupa og nota eitur eða sterkt eitur við vinnu sína. Þetta á við um t.d. iðnaðarmenn og aðra einstaklinga sem nota tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín.

Vinnueftirlitið gefur út þessi leyfi.

Leyfi til kaupa og notkunar varnarefna í flokki X og A

Þeir einir mega kaupa og nota varnarefni í hættuflokki **X**, er þörf hafa fyrir eiturefni í þeim hættuflokki við störf sín og til þess hafa fengið leyfi. Leyfi eru veitt til 1 - 3 ára í senn. Þeir sem hafa setið námskeið um notkun varnarefna í landbúnaði og garðyrkju, eða námskeið fyrir meindýraeyða fá X/A leyfi. Þeir geta einng sótt um starfsréttindi sem garðaúðarar eða meindýraeyðar. Umhverfisstofnun veitir umrædd starfsréttindi.

Þeir einir mega kaupa og nota efni í hættuflokki **A**, er þörf hafa fyrir eiturefni í þeim hættuflokki við störf sín og til þess hafa fengið leyfi og gilda leyfi þessi ekki fyrir efni og efnasamsetningar í hættuflokki X. Leyfi eru veitt til 1 - 3 ára í senn.

Leyfi skal einungis veita þeim, er hafa til að bera þá menntun eða þekkingu, er Umhverfisstofnun metur gilda (próf frá búnaðarskóla, garðyrkjuskóla, skógræktarskóla o.s.frv.) eða sótt hafa önnur viðurkennd námskeið. Leyfi til að mega kaupa og nota efni í hættuflokki X gilda einnig um efni í hættuflokki A og skal þess getið á leyfisskírteini. Lögreglustjóri gefur út, að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar, númerað leyfisskírteini (sbr. 9.gr. reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarenda leyfa), er leyfishafi skal ávallt bera á sér við störf sín.

Efni og efnasamsetningar í X og A hættuflokkum má einungis selja eða afhenda þeim, sem eru 18 ára eða eldri. Eigi má afhenda efni og efnasamsetningar í þessum hættuflokkum, ef ástæða er til að ætla, að hlutaðeigandi kunni að fara sjálfum sér að voða eða gæti unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o.s.frv. (sbr. 7. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Skýlt er öllum þeim, er kaupa mega og nota efni og efnasamsetningar í X og A hættuflokkum, að geyma efnin í læstum skáp eða læstu hólfi í geymsluherbergi, og skal geymslustaður vera greinilega auðkenndur með viðeigandi varnaðarorðum („varúð“, „eitur“ o.s.frv.). Vanræksla í þessu efni varðar missi réttinda til þess að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A.

Lögreglustjórar og sýslumenn gefa út þessi leyfi að fenginni umsögn frá Umhverfisstofnun og vottorð frá Vinnueftirliti ríkisins, yngra en tveggja ára, um skoðun á eiturefnageymslum og búnaði. Ef umsækjandi hyggst nota efnið í þágu fyrirtækis, opinberrar stofnunar eða sveitarfélags, skal fylgja umsókninni yfirlýsing frá hlutaðeigandi forstöðumanni.

Eiturbeiðnir - til eigin nota (kaup og notkun)

Við kaup einstaklinga á eiturefnum til eigin nota þarf að framvísa eiturbeiðni sem gefin er út af heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaga. Umhverfisstofnun er umsagnaraðili.

Eiturbeiðnir skulu hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturefni, eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturefni.

Eiturbeiðnir mega ekki hljóða á eiturefni í hættuflokkum X og A. Ennfremur mega eiturbeiðnir hvorki hljóða á eiturefni, sem algert bann liggur við að nota, né á eiturefni til einhverra þeirra nota, sem bann liggur við. Aðeins er heimilt að láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni.

Sjá nánar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/Efnavoruroghaettulegefni/Leyfisveitingar/>

5. Stjórnvaldsákvarðanir og þvingunarúrræði

Stjórnvaldsákvarðanir

Tilgangur

Tilgangur þessara leiðbeininga er að stuðla að því að stjórnvaldsákvarðanir séu teknar í samræmi við stjórnarsýslulög nr. 37/1993 og góða stjórnsýsluhætti.

Gildissvið

Leiðbeiningarnar eiga við þegar starfsmenn heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) kveða einhliða á um rétt eða skyldu einstaklinga eða lögaðila í ákveðnu máli í skjóli stjórnsýsluvalds.

Meðferð stjórnsýslumála

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af starfsmönnum HES skulu uppfylla málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga, þ.á m. reglur um hæfi starfsmanna, málshraða, fullnægjandi rannsókn mála, andmælarétt og rökstuðning ákvörðunar. Strangari málsmeðferðarreglur kunna að koma fram í öðrum lögum og ganga þá framur reglum stjórnsýslulaga, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

Almennt má skipta meðferð stjórnsýslumála í eftirfarandi þætti:

- **Upphaf stjórnsýslumáls**

Ef mál byrjar að frumkvæði stjórnvalds verður að tilkynna aðila svo fljótt sem því verður við komið að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram, sbr. 14. gr. stjórnsýslulaga. Í slíkri tilkynningu er rétt að málsgæði sé gefinn ákveðinn frestur til þess að kynna sér gögn máls og tjá sig um það, eins og heimilt er skv. 1. mgr. 18. gr. stjórnsýslulaga. Ef mál byrjar að frumkvæði aðila máls verður að gæta að leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga. Einungis er skylt að leiðbeina um það sem er á starfssviði viðkomandi stjórnvalds, en ef mál snertir starfssvið annars stjórnvalds ber að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.

- **Rannsókn máls**

Ef ekki er að finna í sérlægum ákvæði um frest til að afgreiða mál ber að afgreiða mál svo fljótt sem unnt er, sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga. Ljóst er að málshraðareglan togast á við rannsóknarreglu 10. gr. laganna, sem felur í sér að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því, ásamt því að upplýsa um ástæður tafanna og segja til um hvenær ákvörðunar sé að vænta, sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna. Skylt er að veita aðila kost á að tjá sig um efni málsins áður en ákvörðun verður tekin, enda liggi afstaða hans og rök fyrir henni ekki fyrir í gögnum málsins eða slíkt sé augljóslega óþarft, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga.

- **Stjórnvaldsákvörðun**

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt aðila máls nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila, sbr. 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga. Stjórnvaldi er

almennt skylt að rökstyðja ákvörðun með því að vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á og, ef ákvörðun byggist á mati, greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið, sbr. 21. og 22. gr. stjórnsýslulaga. Einnig er skylt að upplýsa aðila um heimildir hans til að kæra ákvörðun og um frest til að bera ákvörðun undir dómstóla ef slíkur frestur er lögákveðinn, sbr. 2. mgr. 20. gr. laganna.

Almennt um efni stjórnvaldsákvæðana

Þegar stjórnvöld taka stjórnvaldsákvæðanir lögum samkvæmt þarf, auk þeirra sérstöku reglna sem gilda um viðkomandi ákvörðun, að horfa til almennra efnisreglna stjórnsýsluréttarins. Fyrst ber að nefna svokallaða lögmætisreglu, sem felur annars vegar í sér að ákvæðanir stjórnvalda verða að eiga sér stoð í lögum og hins vegar að þær mega ekki vera í andstöðu við lög. Stjórnvaldsákvæðanir má flokka í lögbundnar og matskenndar ákvæðanir. Lögbundnar ákvæðanir eru ákvæðanir þar sem lög eða stjórnvaldsfyrirmæli ákvarða þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvörðun verði tekin svo og hvert efni ákvörðunar skuli vera. Matskenndar ákvæðanir eru ákvæðanir þar sem lög eða stjórnvaldsfyrirmæli ákvarða ekki að öllu leyti þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvörðun verði tekin eða fela stjórnvöldum að einhverju leyti að meta hvert efni ákvörðunar skuli vera. Þegar stjórnvöld taka ákvæðanir á matskenndum lagagrundvelli þarf m.a. að gæta þess að ákvörðun byggist á málefnalegum sjónarmiðum, jafnræðis sé gætt, sbr. 11. gr. stjórnsýslulaga, og að meðalhóf sé virt, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga. Loks þarf ákvörðun að vera efnislega bæði ákveðin og skýr svo að aðili geti skilið hana og metið réttarstöðu sína.

Þvingunarúrræði

Tilgangur

Tilgangur leiðbeininganna er að stuðla að því að þvingunarúrræðum sé beitt í samræmi við stjórnsýslulög nr. 37/1993 og góða stjórnsýsluhætti.

Gildissvið

Leiðbeiningarnar eiga við þegar starfsmenn HES beita einstakling eða lögaðila þvingunarúrræðum lögum samkvæmt vegna brota á lögum, reglugerðum eða ákvæðum í starfsleyfi í tilteknu máli.

Framkvæmd

Með þvingunarúrræðum er átt við hvers konar aðgerðir samkvæmt lögum sem stjórnsýsluhafar geta sjálfir ákveðið og beitt án atbeina dómstóla. Má þar nefna áminningar, dagsektir og stöðvun eða takmörkun starfsemi. Markmiðið með þvingunarúrræðum er ekki að refsa heldur að knýja fram úrbætur. Ákvörðun um beitingu þvingunarúrræðis er stjórnvaldsákvörðun og verður því að gæta að form- og efnisreglum stjórnsýsluréttarins (sjá kafla XX um stjórnvaldsákvæðanir). Sú efnisregla stjórnsýsluréttarins sem sérstaklega verður að gæta að þegar þvingunarúrræðum er beitt er meðalhófsreglan, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga.

Meðalhófsreglan

Í meðalhófsreglunni felst að stjórnvald skuli ekki fara strangar í sakir en nauðsynlegt er til að leysa það viðfangsefni sem stjórnvaldinu er falið. Meginsjónarmiðin að baki reglunni eru þau að stjórnvaldi sé ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að, heldur beri því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra aðila sem athafnir stjórnvalda og valdbeiting beinist að. Ber stjórnvöldum að fara ákveðinn meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða. Þetta þýðir að áður en stjórnvald tekur ákvörðun um þvingunarúrræði verður stjórnvaldið að hafa gengið úr skugga um að markmiðum laganna verði ekki náð með öðru eða vægara móti.

Þrjú atriði sem hafa verður í huga þegar tekin er ákvörðun um þvingunarúrræði:

1. Ákvörðun verður að vera til þess fallin að ná því markmiði sem að er stefnt.
2. Velja skal vægasta úrræðið sem að gagni getur komið. Þegar stjórnvöld hafa val um fleiri en eina leið að markmiðinu sem að er stefnt ber að velja þá leið sem er minnst íþyngjandi fyrir borgarana.
3. Hóf verður að vera í beitingu þess úrræðis sem valið er. Þegar búið er að velja leið til að ná markmiði því sem að er stefnt skal þess gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

6. Helstu flokkar efna og efnavara og reglur sem um þá gilda

Í þessari handbók eru efnum og efnavörum skipt í flokka eftir reglugerðum sem um þá gilda. Þó er vert að benda á að oft eru ekki skörp skil á milli flokka og stundum á sér stað ákveðin skörun. Hér fyrir neðan er tekið saman helstu atriði sem gilda um efni og efnavörur. Að auki er fjallað um reglur sem gilda um öryggislok og ápreifanlega viðvörðun, og úðabrusa.

Eiturefni og hættuleg efni

Hvað eru eiturefni og hættuleg efni?

Með eiturefnum og hættulegum efnum er átt við efni, sem skráð eru á lista yfir eiturefni og hættuleg efni sbr. fylgiskjal 1 í reglugerð nr. 236/1990, sjá <http://www.ust.is/media/log/fylgiskjal1.pdf>.

Reglugerð:

Um eiturefni og hættuleg efni gildir ofangreind reglugerð, nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, ásamt breytingum, sjá <http://www.ust.is/media/log/r1990-236.pdf>, og REACH reglugerðin.

Flokkun og merking

Eiturefni og hættuleg efni eru flokkuð í ákveðna flokka með tilheyrandi varnaðarmerkjum þar sem hver flokkur ber ákveðna skammstöfun. Þannig stendur bókstafurinn T fyrir eiturefni en hættuleg efni skiptast í aðra flokka með öðrum skammstöfunum, sjá kafla 7 (Eftirlit með merkingarskyldum efnavörum).

Eiturefni og hættuleg efni skal merkja í samræmi við flokkun með viðeigandi varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningum. Eiturefnin þekkjast á hausúpumerkinu. Umbúðamerkingarnar skulu vera á íslensku.

Reglur um leyfi

Innflutningsleyfi: Umhverfisstofnun fylgist með innflutningi eiturefna til landsins og þarf að fá leyfi frá stofnuninni fyrir innflutningi á efnavörum sem flokkast sem eiturefni. Þess er krafist af innflytjendum að þeir sendi innflutningsskjöl frá tollinum til stofnunarinnar í hvert skipti sem þeir flytja inn eiturefni.

Söluleyfi: Þeir sem vilja selja eiturefni í hættuflokkum Tx og T er skylt að hafa sérstakt söluleyfi og þurfa sölustaðir eiturefna að uppfylla ákveðin skilyrði. Einungis má selja eiturefni hafi viðkomandi leyfi Umhverfissráðherra til þess og er Umhverfisstofnun umsagnaraðili við útgáfu slíkra sölu- og innflutningsleyfa eiturefna. Leyfi þessi gilda í allt að 5 ár. Áður en söluleyfi er veitt þarf umsækjandi að leita til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Vinnueftirlits ríkisins og fá umsögn þeirra um eiturefnageymslur og aðbúnað starfsmanna. **Ekki er leyfilegt að selja eiturefni (hausúpumerkt) á almennum markaði, þ.e. ekki í hillum búða heldur geyma þau í lokuðum geymslum.**

Nauðsynlegt er að til séu gögn um kaupendur eiturefna. Því er seljendum eiturefna skylt að færa í þar til gerða sölubók, í rétttri tímaröð, alla sölu slíkra efna. Slíkar sölubækur er hægt að nálgast hjá

Umhverfisstofnun og skal frumritum úr sölubókinni senda í lok hvers árs til stofnunarinnar. Við kaup á eiturefnum er einstaklingum skylt að framvísa gildu notkunarleyfisskírteini eða eiturbeiðni

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með sölu eiturefna og Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með eftirlitinu. Umhverfisráðuneytið leitar til Umhverfisstofnunar sem gefur umsögn áður en leyfið er veitt. Sjá nánar í kafla 4 um innflutnings- og söluleyfi.

Bönn og takmarkanir

Ákvæði í REACH um takmarkanir og leyfisveitingar gilda um eiturefni.

Geymsla og förgun

Eiturefni skal geyma í læstum vel merktum geymslum. Hættuleg efni ber að geyma á stað þar sem börn ná ekki til, fjarri matvælum og fóðri.

Eiturefnum og hættulegum efnum og ílátum undan þeim skal farga sem spilliefnum nema annað komi fram á umbúðamerkingum. Óheimilt er að endurnota ílát undan eiturefnum og hættulegum efnum. Spilliefnum skal skila til viðurkenndra söfnunar- og móttökustöðva.

Varnarefni

Hvað eru varnarefni?

Varnarefni eru efni sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju og við eyðingu meindýra. Til varnarefna teljast plöntulyf, illgresiseyðar, stýriefni (stjórna vexti plantna) og útrýmingarefni, sem eru m.a. músa- og rottueitur. Útrýmingarefni teljast aðeins til varnarefna á meðan að markaðsleyfi hefur ekki verið veitt í samræmi við reglugerð nr. 1101/2004 um sæfiefni. Eftir að markaðsleyfi hefur verið veitt telst efnið til sæfiefna. Heilsu fólks og umhverfi getur stafað hætta af notkun varnarefna og því hefur markaðssetning þeirra verið takmörkuð með sérstakri löggjöf.

Reglugerð:

Um varnarefni gildir reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Virk efni og hjálparefni sem eru í varnarefnum eru skilgreind sem skráð efni í REACH, ef þau eru á skrá í viðaukum í þeim reglugerðum sem gilda um þau ([reglugerð nr. 1101/2004](#) m.s.br. og [reglugerð nr. 50/1984](#) m.s.br.). Ef efnin eru notuð á annan hátt þá gildir REACH reglugerðin og þá skal skrá þau skv. ákvæðum í REACH.

Flokkun og merking

Varnarefni eru flokkuð í fjóra hættuflokka, X, A, B og C. Hættulegustu efnin eru í X hættuflokki en þau hættuminnstu eru í C hættuflokki. Efni í X og A flokki þekkjast á hauskúpumerkinu.

Varnarefni skal merkja í samræmi við flokkun og skulu umbúðamerkingar vera á íslensku. Á merkingum skal m.a. koma fram:

- Heiti og styrkur virkra efna
- Varnaðar- og hættuflokksmerki
- Hættu- og varnaðarsetningar
- Notkunarleiðbeiningar
- Uppskerufrestur ef við á
- Leiðbeiningar um förgun
- Upplýsingar um framleiðanda/umboðsaðila

Reglur um leyfi

Vinnueftirlit ríkisins veitir innflutningsleyfi fyrir varnarefni.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða nota varnarefni hér á landi nema efnið hafi verið skráð til þeirra nota hjá umhverfisráðuneyti. Gefinn er út listi yfir efni sem eru á skrá og eru leyfð til notkunar hverju sinni, sjá <http://www.ust.is/Efnavoruroghaettulegefni/Varnarefni/>

Um varnarefni gilda sérstök ákvæði um bæði kaup og sölu. Sérstakt eiturefnaleyfi þarf til þess að mega kaupa og nota varnarefni í hættuflokkum X og A, sjá kaflann um leyfi. Fylgiskjal 1 við reglugerð 236/1990 hefur að geyma lista yfir efni sem flokkast sem eiturefni (skammstafanir T og Tx) og hættuleg efni (aðrar skammstafanir en T og Tx).

Bönn og takmarkanir

Ákvæði í REACH um takmarkanir og leyfisveitingar gilda um varnarefni.

Geymsla og förgun

Eiturefni, þ.e. efni í hættuflokkum X og A, skal geyma í læstum vel merktum geymslum. Hættuleg efni, þ.e. efni í hættuflokkum B og C, ber að geyma á stað þar sem börn ná ekki til, fjarri matvælum og fóðri.

Varnarefnaafgöngum og ílátum undan varnarefnum skal farga sem spilliefnum nema annað komi fram á umbúðamerkingum. Óheimilt er að endurnota ílát undan varnarefnum. Spilliefnum skal skila til viðurkenndra söfnunar- og móttökustöðva.

Sæfiefni

Hvað eru sæfiefni?

Sæfiefni (biocide) er fjölbreyttur hópur efna sem víða má finna og hafa þau víðtæk notagildi. Sæfiefni innihalda eitt eða fleiri virk efni (efni eða örverur) sem ætlað er að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða halda þeim með öðrum hætti í skefjum með efna- eða líffræðilegum aðferðum.

Sæfiefnum er skipt í fjóra aðalflokka; Sótthreinsandi efni, rotvarnarefni, útrýmingarefni og önnur sæfiefni. Þessir aðalflokkar skiptast síðan í alls í 23 mismunandi sæfiefnaflokka (vöruflokka) þar má t.d. finna vörur eins og hreinlætisvörur fyrir menn, efni notuð við sótthreinsun í tengslum við matvæla- og fóðurframleiðslu og einnig sótthreinsandi efni til notkunar á sjúkrahúsum, vörur notaðar sem þörungaeyðar í sundlaugum og loftræstikerfum, viðarvarnarefni, rotvarnarefni fyrir vörur í ílátum, slímvarnarefni, útrýmingarefni (nagdýraeitur, skordýraeyðar), gróðurhindrandi efni til að sporna við vexti lífvera á skipum og fiskeldibúnaði.

Reglugerð:

Reglugerð nr. 1101/2004 um markaðssetningu sæfiefna innleiddi tilskipun 98/8/EC um markaðssetningu sæfiefna í ESB. Helstu ákvæði hennar eru þau að samræma löggjöf ríkjanna á þessu sviði til að koma í veg fyrir tæknilegar viðskiptahindranir annars vegar og að vernda heilsu fólks og dýra og umhverfi hins vegar.

Flokkun og merking

Sæfiefni skal merkja í samræmi við flokkun vörunnar í áhættumat hennar með viðeigandi varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningum. Umbúðamerkingarnar skulu vera á íslensku.

Reglur um leyfi

Virku efnin í sæfiefnum eru tekin í áhættumat sem er samræmt í öllum ESB löndunum og þau sem standast það mat verða skráð á lista í viðauka V við reglugerðina. Sæfiefni í hinum 23 mismunandi sæfiefnaflokkum mega einungis innihalda virku efnin sem verða á listanum. Til að sæfiefni megi síðan vera á markaði á EES svæðinu þá þarf það að vera skráð og fá markaðsleyfi sem veitt er í einu ríki innan

ESB, síðan getur það fengið markaðsleyfi hér á landi og er þá um gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfinu að ræða. Einungis sæfiefni með markaðsleyfi mega vera á markaði á EES svæðinu.

Umhverfisstofnun veitir innflutningsleyfi fyrir sótthreinsandi efni og viðarvarnarefni.

Bönn og takmarkanir

Sjá **Reglur um leyfi** hér að ofan. Ákvæði í REACH um takmarkanir og leyfisveitingar gilda um sæfiefni.

Snyrtivörur

Hvað eru snyrtivörur?

Í 2. gr. reglugerðar nr. 748/2003 um snyrtivörur segir: „Snyrtivörur eru efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannslíkamann s.s. hörund, hár, neglur, varir, ytri kynfæri, tennur eða slímhimnu í munni. Snyrtivörum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi“.

Reglugerð:

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna reglugerð um snyrtivörur:

<http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#Snyrtivorur>

Flokkun og merking

Umbúðamerkingar snyrtivara skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Fram skal koma innihaldslýsing og ber að gefa upp öll innihaldsefni vörunnar með alþjóðlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara (INCI). Aðrar upplýsingar sem tilgreina skal eru m.a. nafn og heimilisfang framleiðanda eða innflytjanda, nettómagn vörunnar, fyrningardagsetning og sérstakar varúðarráðstafanir sem viðhafa skal við notkun. Gerð er krafa um að slík varnaðarorð séu á íslensku.

Reglur um leyfi

Íslenskir framleiðendur þurfa að tilkynna sig til Umhverfisstofnunar.

Bönn og takmarkanir

Í viðauka II við reglugerðina hér að ofan er listi með efnum sem bönnuð eru til notkunar í snyrtivörum. Hér er hægt að nálgast þennan lista:

<http://www.ust.is/Efnavoruroghaettulegefni/Bonnogtakmarkanir/Bannlisti/>

Þvotta- og hreinsiefni

Hvað eru þvotta- og hreinsiefni?

Í 2. gr. reglugerðar 708/2008 segir: Þvotta- og hreinsiefni eru efni eða efnablöndur sem innihalda sápur og/eða önnur yfirborðsvirk efni til þvotta og hreingerninga. Þvotta- og hreinsiefni geta verið í ýmsum formum (lögur, duft, deig, stangir, kökur, mótuð stykki, myndir o.s.frv.) og eru markaðssett fyrir eða notuð á heimilum og í stofnunum og atvinnustarfsemi. Aðrar vörur sem teljast til þvotta- og hreinsiefna eru:

- hjálparefni til þvotta, þ.e. efni sem eru ætluð til að leggja í bleyti (forþvott), skola eða bleikja fatnað, lín til heimilisnota o.fl.,
- mýkingarefni, þ.e. efni sem er ætlað að breyta viðkomu textílefna í ferlum sem koma til viðbótar þvotti á textílnunum,
- hreingerningarefni, þ.e. efni sem eru ætluð til alhliða hreingerninga á heimilum og/eða annars konar hreingerninga yfirborðsflata (t.d. efna, vara, véla, vélrænna tækja, farartækja og tilheyrandi búnaðar, tækja o.fl.),
- önnur hreingerninga- og þvottaefni, þ.e. efni sem eru ætluð fyrir hvers kyns annan þvott og hreingerningu.

Reglugerð:

Um þvotta- og hreinsiefni gildir reglugerð nr. 708/2008, sjá

http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#Thvotta_og_hreingerningaefni,

og REACH reglugerðin sem tekur á skráningu, takmörkunum og leyfisveitingum, REACH reglugerðin,

<http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#REACH>

Flokkun og merking

Lágmarksupplýsingar sem koma eiga fram á umbúðum þvotta- og hreingerningaefna eru innihaldsefni eins og lýst er í VII. viðauka í fylgiskjali við reglugerð 708/2008. Nauðsynlegt er að merkingar þvotta- og hreingerningaefna séu skiljanlegar notendum og því skulu allar merkingar á umbúðum vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Sérstakra merkingar er krafist á umbúðir þvottaefna. Þar skal tekið fram hversu stóra skammta af þvottaefni eigi að nota í hvert skipti fyrir þrenns konar hörku vatns miðað við staðalþvott. Þessu er betur lýst í VII. viðauka. Neysluvatn á Íslandi er í langflestum tilfellum mjúkt eða í lögsta hörkuflokki sem gefinn er upp á umbúðum þvottaefna.

Reglur um leyfi

Engin sérstök leyfi þarf til að flytja inn eða selja þvottaefni nema það sé flokkað hættulegt.

Bönn og takmarkanir

Ákveðnar reglur gilda um efnainnihald í þvotta- og hreinsiefnum og eru ýmis efni háð takmörkunum eða bönnuð. Dæmi: Nonylfenól. Í viðauka XVII í REACH reglugerðinni er að finna lista yfir efni sem um gilda takmarkanir og í viðauka XIV er listi yfir leyfisskyld efni. Sjá reglugerðina,

<http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#REACH>

Málning og lökk

Hvað eru málning og lökk?

Hér er átt við málningu, lökk og aðra efnavöru sem notuð er til yfirborðsmeðferðar á byggingum, skreytingum þeirra og innréttingum, sjá nánar í viðauka I.1 við neðangreinda reglugerð. Auk þess nær efnaflokkurinn til lakkefna til yfirborðsmeðferðar ökutækja ætluð eru til viðgerða, viðhalds eða skreytinga utan bifreiðasmiðja, sjá nánar í viðauka I.2.

Reglugerð:

Um málningu og lökk gildir bæði reglugerð nr. 1025/2005 um rokgjörn lífræn efnasambönd í málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja og REACH reglugerðin sem tekur á skráningu, takmörkunum og leyfisveitingum.

http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#Malning_og_lokk

REACH reglugerðin, <http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#REACH>

Flokkun og merking

Efnavara sem talin er upp í viðauka I skal við markaðssetningu merkt með:

- a) Undirflokkir efnavöru og viðeigandi viðmiðunarmörkum fyrir rokgjörn lífræn efnasambönd eins og fram kemur í viðauka II.
- b) Hámarksinnihaldi rokgjarnra lífrænna efnasambanda (g/l) í efnavöru tilbúinni til notkunar.

Reglur um leyfi

Engar sérstök leyfi þarf til að flytja inn eða selja málningu og lökk. Hins vegar flokkast viðarvarnarefni sem sæfiefni og því gilda reglur um sæfiefni um þann vöruflokk. Starfsleyfi

Bönn og takmarkanir

Ákveðnar reglur gilda um efnainnihald í málningu og lakki og eru ýmis efni háð takmörkunum eða bönnuð. Í viðauka XVII í REACH reglugerðinni er að finna lista yfir efni sem um gilda takmarkanir og í viðauka XIV er listi yfir leyfisskyld efni. Sjá reglugerðina,

<http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#REACH>

Reglur um öryggislok og ápreifanlega viðvörun

Hvað er öryggislok og ápreifanleg viðvörun?

Öryggislok eru ætluð á vörur sem eru seldar almenningi og eiga að gera börnum erfiðara um vik að komast í hættuleg efni. Einnig þurfa eiturefni öryggislok. Oft eru umbúðir hannaðar með sérstök öryggislok sem eru eingöngu opnanlegar með ákveðnu átaki. Margar umbúðir eru þannig gerðar að það þarf sérstakt áhald til að opna þær og teljast þær þá barnaöruggar. Þetta á við um hina dæmigerðu blikkmálningardós.

Ápreifanleg viðvörun er litlaus upphleyptur þríhyrningur sem er settur á vörur seldar almenningi til að gera blindum og sjónskertum viðvart um hættu. Einnig þurfa eiturefni ápreifanlega viðvörun. Viðvörunin er gegnsær upphleyptur þríhyrningur, gjarnan límd neðarlega á umbúðir eða greypt í þær.

Reglugerð:

Reglugerð nr. 155/2000 öryggislok og ápreifanlega viðvörun

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/b7fd33650490f8cf00256a07003476bb/bed32637aa3dd6e000256bc00051bbd7?OpenDocument>

Flokkun og merking

Öryggislok skulu vera á vörum sem flokkast sterkt eituro (Tx), eituro (T), ætandi (C) og líka vörum með > 3% metanól, > 1% díklórmetan eða með hættusetningu H65, getur valdið lungnaskaða við inntöku.

Ápreifanleg viðvörun skal vera á vörum sem flokkast sterkt eituro (Tx), eituro (T), ætandi (C), hættulegt heilsu (Xn), afar eldfimt (Fx) og mjög eldfimt (F). Úðabrúsar sem eingöngu eru merktir afar eldfimt (Fx) eða mjög eldfimt (F) eru undanþegnir merkingum með ápreifanlegri viðvörun.

Reglur um úðabrúsa

Hvað er úðabrúsi?

Úðabrúsi merkir einnota hylki úr málm, gleri eða plasti sem inniheldur lofttegund sem er samþjöppuð, fljótandi eða uppleyst undir þrýstingi, með eða án vökva, krems eða dufts og með losunarbúnaði sem gerir kleift að losa innihaldið sem fastar eða fljótandi agnir í úðaformi, sem froðu, krem, duft eða vökva.

Reglugerð:

Reglur nr. 98/1996 um úðabrúsa

Flokkun og merking

Margir úðabrúsar flokkast sem hættuleg vara og eiga að vera merktir með íslenskum varnaðarorðum og notkunarleiðbeiningum. Allir úðabrúsar skulu merktir eftirfarandi áletrunum, sbr. þó einnig reglur nr. 98/1996 um úðabrúsa:

Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.

Eftirfarandi áletranir bætast við á úðabrúsa ef innihaldið er eldfimt:

Úðið ekki á eld eða glóandi hluti
Haldið frá hita- og neistagjöfum – reykingar bannaðar
GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL

Sjá nánar um úðabréfa: <http://www.ust.is/Efnavoruroghaettulegefni/frettir//nr/756>

Ýmis önnur efni

Flúorgös geta bæði flokkast sem gróðurhúsalofttegundir og ósoneyðandi efni. Flest flúorgös sem notuð eru í dag eru gróðurhúsalofttegundir á meðan að ósoneyðandi efni eru aðeins leyfð í undantekningartilfellum. Vegna banns og/eða takmarkana á notkun þessara efna finnast þau ekki víða, helst í kæli- og varmadælukerfum. Áritun þarf frá Umhverfisstofnun vegna innflutnings kælimiðla.

Flúorgös falla undir eftirfarandi reglugerðir; reglugerð nr. 230/1998 um efni sem valda gróðurhúsaáhrifum, nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum. Sjá nánar, http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/Reglugerdir/#Eyding_osons

Auk þeirra efnaflokkanna sem talin eru upp hér að ofan þá þarf að hafa eftirlit með notkun á ýmsum öðrum efnum. Hér má nefna:

- klór og sýrur í sundlaugum sem um gilda ákveðnar reglur,
- ætandi sýrur eins og t.d. HF (flúrsýra) sem notaðar eru í málmsmíði og finnast á verkstæðum og
- efni sem notuð eru á rannsóknarstofum, t.d. kvikasilfur, basar o.fl.)

7. Leiðbeiningar um tiltekna eftirlitsþætti

Undirbúningur og framkvæmd eftirlits með merkingum efnavara

1. Eftirlit er ýmist boðað fyrirfram eða ekki. Meginreglan er að gera ekki boð á undan sér en ef nauðsynlegt er að hitta á rekstraraðila til að komast inn í aðstöðuna og/eða fá aðgang að gögnum er gerð undantekning á því.
2. Undirbúningur:
 - Fyrri eftirlitsskýrsla/ur athuguð, farið yfir fyrri kröfur. Taka með sér nauðsynleg gögn eftir þörfum; reglur, skýrslur, eyðublöð, myndavél og leiðbeiningar/gátlista.
3. Á eftirlitsstað
 - Hafa samband við ábyrgan aðila á staðnum og tilkynna komu sína og tilgang með heimsókn.
 - Fara yfir fyrri kröfur ef einhverjar eru og þörf er á.
4. Framkvæmd eftirlits

Heildsala

- Upplýsinga leitað varðandi merkingarskyldar vörur. Rekstraraðili gefur upplýsingar og lager skoðaður. Gengið úr skugga um að vörur séu geymdar skv. gildandi reglum.
- Sýnishorn skoðuð og athugað hvort merkingar eru í samræmi við reglugerð.
- Ef vafamál er hvort varan stenst kröfur um merkingar er:
 - beðið um öryggisblað fyrir vöruna (MSDS).
 - Ef áfram er vafi á hvort varan stenst kröfur um merkingar er tekið sýnishorn og gefin kvittun
 - Farið með öryggisblöð eða sýnishornið til UST og beðið um álit/úrskurð

Smásala

- Efnavörur þ.á.m. snyrtivörur sem eru til sölu á staðnum skoðaðar og athugað hvort merkingar og geymslur eru í samræmi við reglugerðir.
- Ef vafi leikur á að varan standist kröfur um merkingar (sbr. vörur utan EES svæðisins) er:
 - athugað hver er framleiðandi (ef íslenskur), innflutnings-, og/eða dreifingaraðili vörunnar og það skráð í eftirlitsskýrslu á staðnum ásamt vörumerki og vöruheiti viðkomandi vöru.
 - Eftirfylgni – sjá síðar

5. Eftirlitsskýrsla rituð á staðnum á blað/í tölvu
 - Nauðsynlegt er að fá undirritun á staðnum, þó ekki sé nema til staðfestingar á að heilbrigðisfulltrúi hafi komið á staðinn.
6. Bréf (eða tölvubréf eftir mati heilbrigðisfulltrúa)
 - Sent til rekstraraðila og afrit sent á starfsstöð ef heimilisfang hennar er annað en rekstraraðila, um niðurstöður eftirlits eftir mati heilbrigðisfulltrúa t.d. ef hætta er á að ábyrgðarmaður/menn hafi ekki fengið upplýsingar um það
 - Ávallt er sent bréf ef um þvingunaraðgerðir er að ræða
7. Undirrituð eftirlitsskýrsla ásamt bréfum ef við á sett í skjalavörslu viðkomandi HES.

Merkingarskyldar efnavörur

Eftirlit með merkingum á efnavöru (snyrtivörum, hættulegum efnum og eiturefnum) sem seld eru á almennum markaði felst í að farið er á sölustaði og til innflytjenda og innlendra framleiðenda og athugað hvort merkingar eru skv. gildandi lögum og reglum. Ef vörur standast ekki reglurnar eru gerðar kröfur um úrbætur og veittur ákveðinn frestur til þess. Ef ekki er farið að kröfum um úrbætur getur það leitt til þess að sala tiltekinna efnavara er bönnuð uns bætt hefur verið úr.

Innlendur framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili er ábyrgur fyrir því að umbúðir fyrir eiturefni, hættuleg efni eða vörur sem innihalda slík efni séu merktar í samræmi við gildandi reglugerðir áður en vörunni er dreift til sölu eða notkunar. **Þá er söluaðila óheimilt að selja ofangreindar vörutegundir, ef umbúðir eru vanmerktar.** Ábyrgðin liggur því bæði hjá dreifingaraðilum og smásölum.

Merkingarnar vísa á þá hættu sem af efnunum stafar, þær eru leiðbeinandi um notkun og geymslu og gefa einnig upplýsingar um hvað gera skuli ef slys ber að höndum. Ávallt skal merkja hættulegar vörur sem ætlaðar eru almennum neytendum með varnaðarsetningunni „Geymist þar sem börn ná ekki til”.

Þær upplýsingar sem fram þurfa að koma á umbúðum eru:

- Nafn, heimilisfang og sími framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila á evrópska efnahagssvæðinu
- Magn vöru (þyngd eða lagarmál)
- Varnaðarmerki

Eftirfarandi þarf að vera á íslensku:

- *Nafn hættulegra efna* sem varan inniheldur, gildir þó ekki um allar efnavörur sjá 13. gr. reglugerðarinnar.
- *Merkjasetning* – Tengist varnaðarmerki. Vísar til hættunnar sem af efninu getur stafað. Sjá upplýsingaspjald um merkin.
- *Hættusetningar* – Útskýra nánar í hverju hættan felst.
- *Varnaðarsetningar* – Gefa leiðbeiningar um meðhöndlun, varúðarráðstafanir og viðbrögð við óhöppum.
- *Sérmerkingar fyrir tiltekna vörur*,

Árið 2010 tekur ný reglugerð um flokkun og merkingu gildi (CLP) en á ákveðnum skörunartíma munu bæði nýja og gamla reglugerðin nr. 236/1990 gilda. Því þarf að þekkja til bæði gömlu og nýju reglnanna.

Varnaðarmerki, skv. reglugerð 236/1990

Varnaðarmerkin eru 10 talsins en eitt efni/efnavara getur fengið fleiri en eitt merki.



Eitur(T) og Sterkt eitur(Tx): Þessi efni eru ekki leyfð í almennri sölu. Sérstök leyfi þarf til að selja, kaupa og nota eiturfefni.



Hættulegt heilsu(Xn): Efni sem geta haft heilsuspillandi áhrif við langvarandi notkun eða notkun í eitt skipti. Hættusetningar útskýra nánar í hverju hættan felst. Í þessum flokki eru ýmis rokgjörn leysiefni sem finnast gjarnan í olíuvörum. Sem dæmi má nefna terpentínu.



Ætandi(C): Efni sem valda alvarlegum skaða við beina snertingu. Sem dæmi má nefna ýmis sterk hreinsiefni, uppþvottavélaefni og stíflueyða, til dæmis vítissóða.

Ertandi(Xi); Efni sem geta valdið ertingu, roða og sviða í húð, augum eða öndunarfarum, einkum við langvarandi eða endurtekna notkun. Mörg þvotta-og hreinsiefni eru í þessum flokki.



Eldfim: Eldfimum efnum er skipt í þrjá flokka eftir því hversu eldfim þau eru; afar eldfim(Fx), mjög eldfim(F) og eldfim. Efni sem falla í síðasta flokkinn (eldfim) fá ekki varnaðarmerki en eru merkt með orðinu ELDFIMT. Í þessa flokka falla t.d. mörg olíuefni og úðabrusar sem innihalda eldfimt drifgas.

Sprengifim(E): Efni sem eru varhugaverð vegna sprengihættu.

Eldnærandi(O): Efni sem verða sprengifim eða eldfim í blöndu með brennanlegum efnum.



Hættulegt umhverfinu(N): Ýmis þrávirk efni sem safnast fyrir í lífríkinu, efni sem eru eitruð lífverum og efni sem eyða ósonlaginu. Þessum efnum ber að farga sem spilliefnum.

Nýju varnaðarmerkin (hættutákn – hazard pictograms) skv. CLP reglugerðinni (tekur gildi 2010)

Hættutáknin eru níu talsins og hafa að miklu leyti sömu tákn og núgildandi varnaðarmerki nema GHS07 og GHS08 sem koma í stað krossins sem gefur til kynna að efni séu hættuleg heilsu eða ertandi nema að nú fylgir viðvörðunarróð sem er annað hvort „hætta“ eða „varúð“. Í gömlu reglunum sögðu varnaðarmerkin oft til um hættuflokkunina. Nú fer það eftir undirflokkun innan hættuflokkanna hvenær skuli nota hættutáknin.

	GHS01. Sprengifim efni eru flokkuð á fleiri vegu en fyrr og er það til samræmis við reglur um flutningsumbúðir. Hættuflokkar: 2.1, 2.8, 2.15.
	GHS02. Eldfim efni eru flokkuð niður í marga hættuflokka til samræmis við reglur um flutningsumbúðir. Fleiri eldfim efni verða flokkuð með þessu tákn en þau sem flokkuð voru sem mjög/afar eldfim.
	GHS03. Eldnærandi efni verða flokkuð svipað og verið hefur. Hættuflokkar: 2.4, 2.13, 2.14.
	GHS04. Nýtt tákn sem tákna á m.a. loft undir þrýstingi. Hættuflokkur: 2.5.
	GHS05. Ætandi efni verða flokkuð svipað og verið hefur. Flokkunin verður tvískipt eftir áhrifum á málma og áhrifum á fólk. Hættuflokkar: 2.16, 3.2, 3.3.
	GHS06. Hauskúputáknið verður áfram notað við flokkun efna en verður ekki eins algengt og nú. Táknin mun eingöngu eiga við um efni sem valda bráðum eitrunum. Hættuflokkur: 3.1.
	GHS07. Táknin er notað yfir heilsuskaða og er vægara en (GHS08). Merkið kemur að nokkru leyti í stað flokkunarinnar „ertandi“ og að litlu leyti í stað „hættulegt heilsu“. Hættuflokkar: 3.1, 3.2, 3.3, 3.4, 3.8.
	GHS08. Táknin er notað yfir alvarlegan heilsuskaða og gefur til kynna annars konar hættu en hauskúpumerkið (GHS06). Merkið kemur að nokkru leyti í stað flokkunarinnar „hættulegt heilsu“ með krossmerkinu en einnig fyrir svokölluð CMR efni og efni sem valda skaða við endurtekna notkun og voru hauskúpumerkt (eitur og sterkt eitur).
	GHS09. Samsvarandi tákn og fyrr er notað yfir efni sem skaðleg eru umhverfinu. Forsendur fyrir notkun tákns breytast lítið. Hættuflokkur: 4.1.

Hvað er vanmerkt vara?

Augljósasta vísbendingin um vanmerкта vöru er þegar vara er merkt með varnaðarmerki eða hættusetningu en merkingarnar eru á erlendu máli. Í sumum löndum gilda ekki sömu reglur og hérlandis. Íslenskar merkingarreglur eru í samræmi við Evrópureglur en t.d. eru bandarískar merkingar frábrugðnar þeim evrópsku. Þetta mun breytast með CLP.

Yfirleitt er ekki hægt að ganga úr skugga um að merkingin sé rétt eða röng út frá þeim upplýsingum sem gefnar eru á umbúðum. Til þess þarf nánari upplýsingar um innihaldsefni og magn þeirra, blossamark og fleira. Hægt er að krefja framleiðanda / innflytjanda um slíkar upplýsingar í öryggisblöðum.

Ef innihaldsefni vörunnar eru háðar takmörkunum getur þurft að merkja hana með sérstökum hætti. Sérákvæði um merkingar er að finna á bls. 69-71 í rg. 236/1990 og gilda slík ákvæði um efnavöru óháð því hvort varan er flokkuð sem hættuleg eða ekki.

Dæmi: Blý í málningu og lökkum

Inniheldur blý: Notist ekki á yfirborð sem ætla má að börn tyggi eða sjúgi

Ef umbúðir eru 125 ml eða minni mega upplýsingarnar vera sem hér segir:

Viðvörðun. Inniheldur blý

Lím sem inniheldur sýanóakrýlöt.

Sýanóakrýlat.

Hætta.

Límir saman húð og augu á svipstundu.

GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL

Efnavörur sem í eru epoxýsambönd.

Inniheldur epoxýsambönd.

Sjá upplýsingar frá framleiðanda

Efnavörur með virkum klór.

Eftirfarandi áletrun skal standa á umbúðum fyrir efnavörur sem seldar eru almenningi og innihalda meira en 1% af virkum klór:

Viðvörðun!

Notist ekki með öðrum efnavörum.

Getur gefið frá sér hættulegar lofttegundir (klór)-

Dæmi um vanmerkta vöru:

- Vörur sem eru eingöngu með varnaðarmerkingum á erlendu máli.
- Vörur, einkum frá löndum utan EES, sem eru með viðvörunum á borð við *FLAMMABLE*, *TOXIC*, *HARMFUL*, *FATAL*. Einnig er það oft vísbending að vara frá löndum utan EES sé merkingarskyld samkvæmt reglugerðinni ef innihaldsefni eru talin upp á umbúðunum. Athugið að í Bandaríkjunum og Kanada eru merkingarkerfin öðruvísi uppbyggð og vara merkt þar þarf ekki að vera merkingarskyld hér og öfugt.
- Hættu-, varnaðar- eða merkjasetningar eru rangar eða vantar .
- Athugið að almennar viðvaranir á borð við: „Keep out of the reach of children” eru einar sér ekki sönnun þess að varan sé merkingarskyld.

Gátlisti

Í eftirliti er gott að nýta sér gátlistann á bls. 34. Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar fyrir útfyllingu hans.

Vöruheiti: Skrá vanmerktar efnavörur. Skrá fyrst vörunúmeri og síðan heiti vörunnar, á ensku eða norðurlandamáli, ef kostur er. Dæmi: Dupli Color Spotmarker, Jotun Husvask.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi: Ef varan er flutt inn erlendis frá þarf að skrá innlenda innflytjanda. Ef varan er innlend framleiðsla þarf að skrá innlenda framleiðandann.

Íslenskar varnaðarmerkingar

- **vantar alfarið:** Íslenskar varnaðarmerkingar vantar alfarið á tiltekna tegund vöru
- **vantar á hluta birgða:** Hluti vara af tiltekinni tegund vantar merkingar (miða við 2 eða fleiri).???
- **þurfa lagfæringar:** Íslenskar varnaðarmerkingar eru ekki í samræmi við gildandi reglugerðir. Ef hættusetningar eru réttar og varnaðarsetningar að mestu leyti er máske ekki ástæða til að krefjast lagfæringa.

Athugasemdir: Hvað þarf að leiðrétta varðandi merkingarnar, stutt og hnitmiðað.

Dæmi: Þrýstihylkjaviðvörðun vantar. Hættusetningu(ar) vantar. Röng merkjasetning.

Öryggislok vantar: Á almennum markaði þurfa ætandi vörur (C), vörur með > 3% metanól, > 1% díklórmetan eða með hættusetninguna H65 “getur valdið lungnaskaða við inntöku” öryggislok.

Áþreifanleg viðvörðun: Á almennum markaði þurfa vörur sem flokkast ætandi (C), hættulegt heilsu (Xn), afar eldfimt (Fx) og mjög eldfimt (F) að bera áþreifanlega viðvörðun. Úðabrúsar sem eingöngu flokkast afar eldfimt (Fx) eða mjög eldfimt (F) eru undanþegnir merkingum með áþreifanlegri viðvörðun.

Eitur/bannvara: Eiturefnavörur framleiddar á EES-svæðinu eiga að bera hauskúpumerkið. Hins vegar er oft flóknara að ákvarða hvort efnavörur sem framleiddar eru utan EES flokkast sem eiturfni. Þannig vara með hauskúpu þarf ekki endilega að flokkast sem eitur skv. okkar merkingarreglum og öfugt. Hér þarf því gjarnan að kanna innihaldsefni vörunnar og athuga hvort það falli í flokkana eitur eða bannað efni samkvæmt reglugerð.

Ath. Taka þarf eiturefnavöru/bannvöru úr sölu á staðnum sé hún til staðar í almennri sölu.

Gátlisti fyrir eftirlit með merkingum efna og efnavara

Nafn fyrirtækis, ISAT nr., stærð.

[illegible]

- E = eiturefni, V = Varnarefni, Sæ = sæfiefni, Sn = Snýrtivörur, Þ = þvotta- og hreinsiefni, M = málning og lökk.

Snyrtivörur

Helstu áherslur við eftirlit með snyrtivörum eru merkingar en einnig þarf að hafa vakandi auga með innihaldsefnum. Merkingar skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Þó skulu notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir vera á íslensku nema ef eingöngu er um að ræða upptalningu á innihaldsefnum, þá er heimilt að hafa áletrunina á Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Almennt eru snyrtivörur á íslenskum markaði frá framleiðendum innan EES. Ef vörur á markaði eru framleiddar utan EES (t.d. USA) þá eru þær einnig markaðssettar innan Evrópu. Yfirleitt eru merkingar á vörum frá EES-svæðinu í lagi samkvæmt okkar reglum. **Því ætti að leggja áherslu á úttektir á snyrtivörum sem ekki eru merktar á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku.** Til að finna út hvaðan varan er þá er gott að athuga hvort umboðsmaður eða framleiðandi er tilgreindur á umbúðum.

Innihaldsefni snyrtivara eiga að vera talin upp í röð eftir minnkandi magni með INCI-heitum. Á amerískri vöru eru innihaldsefni talin upp eins og á evrópskri vöru, en ef í henni eru einhver jurtaextrökt eru notuð amerísk plöntuheiiti en ekki latnesk heiti eins og INCI heitin eru alltaf. **Athugið að ekki má fullyrða á umbúðum að snyrtivara hafi eiginleika sem snyrtivörur hafa ekki, s.s. lækningamátt.**

Ýmsar vörur geta innihaldið efni sem eru merkingarskyld samkvæmt reglugerð 236/1990 og eru ekki á viðaukum í snyrtivörureglugerðinni. Þá þarf að varúðarmerkja samkvæmt merkingarreglugerð. Dæmi um slík hættuflokkuð efni eru: **acetón, etylasetat, ísóprópanól, sýanóakrýlat.** Hér þarf almennt viðvörðun í tengslum við eldhættu og ertandi innihald. Auk þess þarf að varúðarmerkja snyrtivörur sem heyra undir 3. viðauka A í rg. nr. 748/2003 um snyrtivörur (Listi yfir efni sem leyfð eru í snyrtivörur með tilteknum skilyrðum). Hér er oftast um að ræða varasöm efni sem þurfa íslenskar varúðarmerkingar eins og t.d. í háreyðingarvörum og hárlitunar- og liðunarvörum.

Snyrtivörur á úðabrusum þurfa íslenska varúðarmerkingu og eiga að vera merktir á eftirfarandi hátt:

Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.

Eftirfarandi áletranir bætast við á úðabrusa ef innihaldið er eldfimt:

Úðið ekki á eld eða glóandi hluti

Haldið frá hita- og neistagjöfum – reykingar bannaðar

GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL

Gátlisti

	Já	Nei	Á ekki við
1. Eru merkingar á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku?			
2. Er varan frá Evrópska efnahagssvæðinu?			
3. Er öryggisblaðið í 16 liðum?			
4. Er varan frá Ameríku eða annars staðar frá, merkt samkvæmt þarlendum reglum og ekki með umboðsmann á EES-svæðinu?			
5. Er varan merkingarskyld skv. merkingarreglugerð?			

Gagnlegar upplýsingar um nokkrar tegundir snyrtivara

Afliðunarvörur:

Innihalda oft natríumhydroxíð sem einnig getur krafist sérmerkinga á íslensku. Þióglýkólsýruesterar krefjast sérmerkinga á íslensku sbr. viðauka 3A í reglugerð um snyrtivörur.

Hárlitir:

Ákveðnir litir krefjast sérmerkinga á íslensku vegna þess hve hættulegir þeir eru. Þessir litir eru á lista í viðauka 3A og 3B í reglugerð um snyrtivörur. Algeng efni eru; Resorcinol og m- og p- Phenylenediamine. Litarefni á viðauka 3B valda mörg hver ofnæmi og kalla á sérmerkinguna „Getur valdið ofnæmi“. Vetnisperoxíð krefst sérmerkinga á íslensku, er í viðauka 3A.

Háreyðingarvörur:

Þióglýkólsýruesterar krefjast sérmerkinga á íslensku samanber viðauka 3A. Innihalda oft einnig natríumhydroxíð sem einnig getur krafist sérmerkinga á íslensku.

Hárliðunarvörur:

Tióglýkólsýra (Thioglycolic Acid) og afleiður hennar krefjast sérmerkinga á íslensku samanber viðauka 3A.

Naglaherðir:

Inniheldur oft formaldehyð sem krefst sérmerkingar á íslensku samanber viðauka 3A.

Krem: innihalda almennt ekki efni sem krefjast sérmerkinga – skoða geymslupolsmerkingar.

Sjampó: Yfirleitt er ekki um nein varasöm efni að ræða eða atriði sem krefjast sérstakrar skoðunar, nema almennt merkingar. Þó skal skoða sérstaklega flösusjampó, þau geta innihaldið rotvarnarefni í hækkuðum styrk, t.d. Zink Pyrithione, en það efni krefst ekki sérstakra sérmerkinga á íslensku. En þá þarf að standa á vörunni að þetta sé flösusjampó ef styrkur ZP er meiri en 0.5%.

Sólvarnarefni

Einungis heimilt að nota efni til síunar UV-geisla sem tilgreind eru í viðauka 6. Þar er ekkert efni sem krefst íslenskrar sérmerkingar.

Tannhirðuvörur

Tannkrem, þar eru sérmerkingar á flúor (ekki á íslensku, talin upp innihaldslýsing og athygli vakin á að varan inniheldur flúor sbr. gr. 6.1. snyrtivörureglugerð). Ýmsar tannhirðuvörur eru sótthreinsandi og þá skal ganga úr skugga um að rotvarnarefnin séu (X) merkt í viðauka og tekið sé fram á vörunni að hún sé sótthreinsandi.

Tannhvítunarefni

Þar er eingöngu leyfilegt að nota 0.1% styrk af vetnisperoxíði. Þetta gildi gæti hækkað á næstunni þar sem verið er að endurskoða þetta hjá vísindanefnd um snyrtivörur hjá Evrópubandalaginu.

Almennt er einnig gott að skoða:

Rotvarnarefni

Einungis heimilt að nota þau efni sem eru tilgreind eru í viðauka 5. Sum rotvarnarefni krefjast sérmerkinga á íslensku, t.d. Iodopropyl Butylcarbamate – **Inniheldur joð**. Alltaf magntakmarkanir, nokkur rotvarnarefni sem merkt eru með (X) í viðaukanum eru leyfileg í mun hærri styrk, þá erum við að tala um sótthreinsandi krem eða aðrar vörur, þá þarf að tilgreina sótthreinsandi krem – eða sótthreinsandi krem (t.d. bensalkóníumklóríð (Benzalkonium Chloride) og tríklósan (Triclosan)).

Geymslupól

Ef geymslupól er minna en 30 mánuðir skal geymslupól tilgreint með orðunum “best fyrir”. Ef geymslupól er meira en 30 mánuðir þá skal tilgreina hve lengi varan endist eftir að umbúðir hafa verið rofnar og einnig skal vera táknið sem er í viðauka 9 í snyrtivörureglugerðinni og eftir táknuinu skal koma tímabilið í mánuðum og/eða árum.

Litarefni

Einungis heimilt að nota litarefni sem eru tilgreind í viðauka 4. Þar er notkunarviðið ákveðið í viðaukanum, litarefnin eiga yfirleitt að merkjast með CI-númerum – nokkrar undantekningar s.s. caramel. fyrir snyrtivörur sem framleiddar eru í mörgum litbrigðum er heimilt að skrá öll litarefni á merkimiðann að því tilskyldu að orðunum “getur innihaldið” (“may contain”) eða táknuinu +/- sé bætt fyrir framan.

Lyktarefni

Nægilegt er að tilgreina að varan innihaldi lyktarefni með því að nota orðin “ilmefni” eða “lyktarefni” (“perfume” eða “aroma”). Þó eru nokkur lyktarefni tilgreind viðauka 3A og þá skal geta þeirra í innihaldslýsingunni.

Niðurstöður eftirlits - viðbrögð og eftirfylgni

Ef reglubundið eftirlit með merkingum efnavara leiðir í ljós að fyrirtæki er ekki að fara að lögum og reglum þarf að gera athugasemdir, krefjast úrbóta og í sumum tilfellum að fjarlægja eða láta fjarlægja vöru úr hillum. Vega þarf og meta í hvert skipti hvort þörf sé á eftirfylgni því umfang starfseminnar getur verið mjög misjöfn á milli fyrirtækja. Þannig geta tíu ólöglegar vörur verið helmingur vöruúrvals á einum stað en innan við 5% á öðrum stað. Einnig ber að taka tillit til þess hvort fyrirtækið sýnir samstarfsvilja og hvort ástandið hafi batnað frá síðustu eftirlitsheimsókn. Ætíð skal senda eftirlitsskýrslu/bréf þar sem niðurstöður eftirlits eru kynntar.

Hægt er að útskýra viðbrögð við eftirliti á eftirfarandi hátt, eftir því hvort gerðar eru minniháttar eða meiriháttar athugasemdir:

1. Ef minniháttar athugasemdir:

Hér er átt við t.d. þegar fyrirtækið hefur ekki gert sér grein fyrir skyldum sínum. Þá er það hlutverk eftirlitsaðila að leiðbeina, sbr. leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Hér þarf líka að vega og meta umfang og hvaða áhættu lögbrotið hefur í för með sér. Aðeins skal krefjast úrbóta að vel athuguðu máli því slík krafa er stjórnvaldsákvörðun sem leiðir til þess að ákveðið ferli fer í gang sem verður að fylgja eftir uns máli er lokið.

Viðbrögð: Skrifa eftirlitsskýrslu/bréf þar sem athugasemdir koma fram og leiðbeint hvernig gera má úrbætur. Hér er engum þvingunarúrræðum beitt né eftirfylgni boðuð, sjá **týpubréf 1**.

2. Ef meiriháttar athugasemdir :

Hér er átt við t.d. þegar um ítrekað brot er að ræða, þ.e. fyrirtækinu hefur verið leiðbeint um hvernig gera á úrbætur en verður ekki við því.

Viðbrögð við 1. heimsókn:

- Skrifa eftirlitsskýrslu/bréf þar athugasemdir eru taldar upp og krafa gerð um úrbætur innan tiltekins frests. Möguleg þvingunarúrræði kynnt og andmælaréttur gefinn. Fyrsta eftirfylgni ferð boðuð, sjá **týpubréf 2**.

ATH. Á tímabilinu frá 1. heimsókn til 1. eftirfylgni ferð er hægt að vera í síma/tölvusambandi við aðila máls og ef kemur í ljós að úrbætur dragist þá má framlengja frest. Þá þarf að senda bréf þar sem fram kemur að frestur til úrbóta hafi verið framlengdur, sjá **týpubréf 3**. Þetta getur minnkar kostnað fyrirtækisins, þar sem eðlilegt er að aðili málsins kosti það að stjórnvald þurfi að mæta aftur á staðinn til að sannreyna að úrbætur hafi verið gerðar.

Viðbrögð við 1. eftirfylgni ferð:

- Skrifa eftirlitsskýrslu/bréf
 - a. Ef fyrirtækið hefur orðið við kröfum um úrbætur nær málið ekki lengra, sjá **týpubréf 4**.

- b. Ef úrbætur hafa ekki verið gerðar má enn framlengja frestinn og boða 2. eftirfylgniferð. Á einkum við ef sá aðili sem sætir eftirliti sýnir samstarfsvilja en eitthvað sem ekki er í hans valdi verður til þess að hann hefur ekki getað sinnt úrbótum innan þess frests sem gefinn var, sjá **týpubréf 3**.

Viðbrögð við 2. eftirfylgniferð:

- a. Ef fyrirtækið hefur orðið við kröfum um úrbætur nær málið ekki lengra, sjá **týpubréf 4**.
- b. Ef árangur er enn óásættanlegur í 2. eftirfylgniferð þá er boðuð fyrirhuguð áminning og veittur 2 vikna andmælaréttur, sjá **týpubréf 5**.

Ef engin andmæli berast innan tveggja vikna er farið í eftirlit til að meta ástandið. **Ef allt er í sama horfinu er áminning send, sjá týpubréf 6.** Í sama bréfi er áfram gerð krafa um úrbætur innan tiltekins frests og varað við frekari þvingunaraðgerðum stjórnvalda verði úrbótum ekki sinnt.

Eftir að áminning hefur verið send þarf að fylgja málinu eftir með áframhaldandi eftirliti. Ef ástandið breytist enn ekki til batnaðar þarf að boða sölustöðvun á vanmerktar efnavörur í samræmi við 3. lið þvingunarúrræða með tilheyrandi tveggja vikna andmælarétti eins og áður. Ef það dugar ekki til er sett sölubann boðað á vanmerktum vörum fyrirtækisins/verslunarinnar og vanmerktar vörur teknar úr sölu í komandi eftirlitum.

Að ofangreindu er ljóst að tímarammi eftirlits og eftirfylgni getur orðið mjög langur, sbr.

Vika 1: Farið í reglubundið eftirlit og gerð aths. – frestur til úrbóta 1-4 vikur.

Vika 2-4: Eftirfylgniferð 1. Enn gerðar athugasemdir og frestur framlengdur um 2 vikur.

Vika 4-6: Eftirfylgniferð 2. Enn hafa ekki verið gerðar úrbætur. Áminning boðuð - 2ja vikna andmælaþrestur.

Vika 6-8: Andmæli hafa ekki borist. Áminning send.

Vika 8-10: Eftirfylgniferð 3. Enn óbreytt ástand. Sölustöðvun hótað og andmælaþrestur veittur í 2 vikur.

Vika 10-12: Andmæli hafa ekki borist – sala stöðvuð.

Þetta er tímafrek vinna með tilheyrandi kostnaði og því hefur það reynst vel að boða ábyrgðaraðila viðkomandi fyrirtækis á fund, t.d. eftir 1. eftirfylgniferð og/eða ef árangur næst ekki sem skyldi eftir að áminning hefur verið send.

Önnur góð leið sem reynst hefur vel til að ná árangri er að rukka fyrirtækið fyrir hverja eftirfylgniferð. Þá er beinn fjárhagslegur hagur í því fyrir fyrirtækið að standa sig vel og fara að kröfum um úrbætur.

Hvenær skal fjarlægja efnavöru úr hillum verslana?

Þó ofangreint verkferli gildi í flestum tilvikum um eftirlit með merkingarskyldum efnavörum þá getur komið upp sú staða að fjarlægja þurfi vöru úr hillum verslana án tafar. Þetta á við þegar talið er að varan geti valdið almenningi og umhverfi skaða, t.d. þegar:

- Eiturefni (hauskúpumerkt vara) finnst í almennri sölu. Slíkar vörur skal geyma í þar til gerðum efnageymslum og um sölu þeirra gilda strangar reglur (sjá kafla um eiturefni í 5. kafla).
- Vara sem inniheldur hættulegt efni er rang- eða vanmerkt.
- Vara inniheldur efni sem eru bönnuð (t.d. nonylfenol í þvottaefni).
- Á vöru vantar alfarið íslenskar varnaðarmerkingar. Þá eru vöurnar teknar úr sölu þar til fullmerktar eða veittur frestur til úrbóta, allt eftir umfangi og alvarleika.
- Vara er orðin mjög gömul í hillu. Þá gætu umbúðir farið að gefa sig og/eða varan sjálf útrunnin.
- Bent hefur verið á vöruna í RAPEX tilkynningakerfinu

Samanber 2. mgr. 10. gr. I. nr. 45/2008 er veitt heimild til stöðvunar á markaðssetningu vöru. Heimilt að krefjast þess að birgir fargi vöru, afturkalli vöru eða geymi þar til bætt hefur verið úr ágöllum eða hættu afstýrt með viðunandi hætti.

Ef vara er fjarlægð af sölustað af heilbrigðisfulltrúa er eðlilegt að söluaðila sé veitt kvittun á staðnum fyrir því hvað var tekið og hvers vegna, í hve miklu magni osfrv.

Samkvæmt lögum nr. 52/1988, 10. mgr. 23. gr. þá er eftirlitsaðila heimilt að rjúfa umbúðir og taka úr þeim sýni til nánari athugunar og rannsóknar. Skal þá einnig gefin kvittun.

Að fjarlægja eða láta fjarlægja vöru úr hillu er stjórnvaldsáðgerð sem felur í sér þann verkferil sem lýst er hér á undan og sem meta þarf með tilliti til hættu sem af henni getur stafað. Ef söluaðili sinnir ekki ítrekaðri beiðni um lagfæringar geta skapast nægilegar krítéríur svo fjarlægja megi vöru úr hillu skv. hættumati. Eins ef um vöru er að ræða sem felur í sér bráða hættu.

Hverjum á að senda bréf?

Ef um smásölu er að ræða þar sem heildsalan og/eða innflutningur er til staðar á öðru heilbrigðiseftirlitssvæði skal senda afrit af bréfinu á viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Ástæðan er sú að heilbrigðisfulltrúi hefur eingöngu umboð til eftirlits og beitingar þvingunarúrræða á sínu svæði, ekki öðru.

Dæmi: Gerðar eru athugasemdir við merkingar vöru í reglubundnu eftirliti í smásölu á eftirlitssvæði X en heildsala/innflutningur er á svæði Y. Þá þarf að:

1. Senda viðkomandi smásölu eftirlitsskýrslu og/eða bréf.
2. Senda heilbrigðiseftirlitssvæði Y, sem hýsir heildsöluna eða framleiðandann afrit af bréfinu eða upplýsingar um að athugasemdir hafi verði gerðar. Svæði Y þarf að fá upplýsingar til að geta nýtt sér í næsta eftirlit í heildsölnunni, eða jafnvel gert athugasemdir strax.
3. Senda viðkomandi heildsala/innflytjanda afrit af bréfinu til smásölnunnar eða upplýsingar um að athugasemdir hafi verði gerðar.

Leiðbeiningar um gerð bréfa

Framkvæmd eftirlits með efnum og efnavörum er stjórnvaldsaðgerð sem þarf að uppfylla málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga. Hér fyrir neðan eru fyrirmyndir að bréfum sem hægt er að styðjast við, s.k. týpubréf.

Týpubréf 1: Minniháttar athugasemdir - leiðbeiningar að úrbótum

Haus (Nafn og heimilisfang fyrirtækis)

dd.mm.yyyy

Efni: Niðurstöður efnavörueftirlits

Markmið heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi sbr. 1. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Markmið efnavörueftirlits er að vernda menn, dýr og umhverfi gegn hættu sem getur skapast af notkun efna og efnavara.

Skv. 12. gr. reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni skulu umbúðir eiturefna og hættulegra efna merktar á íslensku og innihalda ákveðnar upplýsingar. Skv. 20. gr. sömu reglugerðar eru innflytjendur ábyrgir fyrir merkingum efnavara og söluaðila óheimilt að selja vanmerktar efnavörur.

Þann dd.mm. sl. var farið í reglubundið eftirlit með merkingum efnavara í verslunina (heiti), (staðsetning). Þar fundust vörutegundir sem ekki stóðust ákvæði ofangreindrar reglugerðar nr. 236/1990.

Niðurstöður eftirlitsins:

Eftirfarandi efnavörur vantaði íslenskar varnaðarmerkingar í samræmi við reglugerð:

1. Framleiðandi, vörumerki og heiti (strikamerki),
2. Framleiðandi, vörumerki og heiti (strikamerki),
3. ...

Annað til athugunar:

1. ...
2. ...

(Fyrirtæki) er bent á að gera úrbætur á ofangreindum merkingum og merkja vörur sínar í samræmi við leiðbeiningar sem koma fram í reglugerð 236/1990 og taka framvegis ekki í sölu efnavörur sem eru vanmerktar samkvæmt íslenskum reglugerðum. Innra eftirlit verslunarinnar ætti að koma í veg fyrir slíka sölu. Ef íslenskum varnaðarmerkingum á vörunum er ábótavant á öðrum sölustöðum fyrirtækisins er bent á að þar þarf einnig að gera úrbætur.

Virðingarfyllt,

Fh. (viðkomandi heilbrigðiseftirlit)

(Nafn)

Heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent: X og Y og viðkomandi innflytjanda og/eða framleiðanda.

Týpubréf 2: Meiriháttar athugasemdir - ákveðið að beita stjórnvaldsákvörðun

Haus (Nafn og heimilisfang fyrirtækis)

dd.mm.yyyy

Efni: Niðurstöður efnavörueftirlits - kröfur um úrbætur

Markmið heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi sbr. 1. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Markmið efnavörueftirlits er að vernda menn, dýr og umhverfi gegn hættu sem getur skapast af notkun efna og efnavara.

Skv. 12. gr. reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni skulu umbúðir eiturefna og hættulegra efna merktar á íslensku og innihalda ákveðnar upplýsingar. Skv. 20. gr. sömu reglugerðar eru innflytjendur ábyrgir fyrir merkingum efnavara og söluaðila óheimilt að selja vanmerktar efnavörur.

Þann dd.mm.sl. var farið í reglubundið eftirlit með merkingum efnavara í verslunina (heiti), (staðsetning). Þar fundust vörutegundir sem ekki stóðust ákvæði ofangreindrar reglugerðar nr. 236 /1990.

Niðurstöður eftirlitsins:

Eftirfarandi efnavörur vantaði íslenskar varnaðarmerkingar í samræmi við reglugerð:

1. Framleiðandi, vörumerki og heiti (strikamerki),
2. Framleiðandi, vörumerki og heiti (strikamerki),
3. ...

Annað til athugunar:

1. ...
2. ...

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 geta heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi beitt eftirfarandi aðgerðum

- Veitt áminningu.
- Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
- Lagt á dagsektir
- Stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun, þar með lagt hald á vörur og fyrirskipað förgun þeirra.
- Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tilskilins frests getur heilbrigðisnefnd beitt dagsektum að upphæð 500.000 kr. þar til úr er bætt.

Áminning er stjórnvaldsákvörðun sem bókfærð er í fundargerðum (viðkomandi heilbrigðiseftirlit). Allar fundargerðir eru gerðar opinberar.

Vörur sem á vantaði íslenskar varnaðarmerkingar voru teknar úr sölu þar til fullmerktar. (Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) veitir hér með (fyrirtæki) frest til dd.mm.yyyy til þess að bæta úr framangreindum atriðum og boðar 1. eftirfylgniferð dd.mm.yyyy. Allar eftirlitsferðir eru gjaldfærðar skv. gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit. Sinni fyrirtækið ekki tilmælum (viðkomandi heilbrigðiseftirlit) innan tilskilins frests íhugar eftirlitið að beita framangreindum þvingunarúrræðum.

Ef fyrirtækið hefur einhverjar athugasemdir fram að færa við þessar ákvarðanir óskast þær sendar skriflega til (viðkomandi heilbrigðiseftirlit, heimilisfang) innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllt,

Fh. (viðkomandi heilbrigðiseftirlit)

(Nafn)

Heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent: X og Y og viðkomandi innflytjanda og/eða framleiðanda.

Týpubréf 3: Meiriháttar athugasemdir - frestur til úrbóta framlengdur

Haus (Nafn og heimilisfang fyrirtækis)

dd.mm.yyyy

Efni: Niðurstöður efnavörueftirlits - framlenging á fresti til úrbóta

(Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) vísar í bréf sitt dags. dd.mm.yyyy (týpubréf 2) þar sem niðurstöður eftirlits þann dd.mm.yyyy hjá (viðkomandi fyrirtæki) voru kynntar og úrbóta krafist. Nú hefur (viðkomandi fyrirtæki) upplýst (Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) að unnið sé að úrbótum en ekki muni takast að ljúka þeim fyrir gefinn frest. (Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) verður við ósk (viðkomandi fyrirtæki) um framlengdan frest til dd.mm.yyyy.

Virðingarfyllt,

Fh. (viðkomandi heilbrigðiseftirlit)

(Nafn)

Heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent: X og Y og viðkomandi innflytjanda og/eða framleiðanda.

Týpubréf 4: Viðbrögð við 1. eftirfylgniferð

Haus (Nafn og heimilisfang fyrirtækis)

dd.mm.yyyy

Efni: Niðurstöður efnavörueftirlits

(Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) vísar í bréf sitt dags. dd.mm.yyyy (týpubréf 2) þar sem niðurstöður eftirlits þann dd.mm.yyyy hjá (viðkomandi fyrirtæki) voru kynntar og úrbóta krafist, og dd.mm.yyyy (týpubréf 3) þar sem frestur til úrbóta var framlengdur. (Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) fór í eftirfylgniferð í (viðkomandi fyrirtæki) þann dd.mm.yyyy til að athuga hvort kröfum um úrbætur hefði verið sinnt.

Það er niðurstaða (viðkomandi heilbrigðiseftirlit) að (viðkomandi fyrirtæki) uppfylli nú þau skilyrði reglugerðar nr. 236/1990 sem skoðuð voru og því mun (viðkomandi heilbrigðiseftirlit) ekki gera frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Fh. (viðkomandi heilbrigðiseftirlit)

(Nafn)

Heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent: X og Y og viðkomandi innflytjanda og/eða framleiðanda.

Týpubréf 5:

Engar úrbætur - fyrirhuguð áminning boðuð og 2gja vikna andmælaréttur

Haus (Nafn og heimilisfang fyrirtækis)

dags.

Efni: Niðurstöður efnavörueftirlits

(Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) vísar í bréf sitt dags. dd.mm.yyyy (týpubréf 2) þar sem niðurstöður eftirlits þann dd.mm.yyyy hjá (viðkomandi fyrirtæki) voru kynntar og úrbóta krafist. (Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) fór í 1. eftirfylgniferð í (viðkomandi fyrirtæki) þann dd.mm.yyyy (og 2. eftirfylgniferð þann dd.mm.yyyy) til að athuga hvort kröfum um úrbætur hafði verið sinnt.

Það er niðurstaða (viðkomandi heilbrigðiseftirlit) að (viðkomandi fyrirtæki) hafi ekki sinnt kröfum um úrbætur, sbr. eftirfarandi athugasemdir:

Eftirfarandi efnavörur vantaði íslenskar varnaðarmerkingar í samræmi við reglugerð:

1. Framleiðandi, vörumerki og heiti (strikamerki),
2. Framleiðandi, vörumerki og heiti (strikamerki),
3. ...

Annað til athugunar:

3. ...
4. ...

Vakin er athygli á 20. gr reglugerðar nr. 236/1990 þar sem segir:

"Innlendur framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili er ábyrgur fyrir því að umbúðir fyrir eiturefni, hættuleg efni eða vörur sem innihalda slík efni séu merktar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, áður en vörunni er dreift til sölu eða notkunar. Þá er söluaðila óheimilt að selja ofangreindar vörutegundir, ef umbúðir eru vanmerktar. "

Þar sem (fyrirtækið) hefur ekki orðið við kröfum um úrbætur þrátt fyrir leiðbeiningar og framlengdan frest til úrbóta hyggst (Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) veita (fyrirtæki) formlega áminningu með vísun til 26. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Áminning er stjórnvaldsákvörðun sem bókfærð er í fundargerðum (viðkomandi heilbrigðiseftirlit) sem eru birtar opinberlega. Frestur til úrbóta er til dd.mm.yyyy. Allar eftirlitsferðir eru gjaldfærðar skv. gjaldskrá (Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit.

Ef fyrirtækið hefur einhverjar athugasemdir fram að færa við þessar ákvarðanir óskast þær sendar skriflega til (viðkomandi HES) innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllt,

Fh. (viðkomandi heilbrigðiseftirlit)

(Nafn)

Heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent: X og Y og viðkomandi innflytjanda og/eða framleiðanda.

Týpubréf 6: Áminning

Haus (Nafn og heimilisfang fyrirtækis)

dags.

Efni: (fyrirtæki) veitt áminning

(Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) vísar í bréf sitt dags. dd.mm.yyyy (týpubréf 5) þar sem niðurstöður eftirlits þann dd.mm.yyyy hjá (viðkomandi fyrirtæki) voru kynntar, fyrirhuguð áminning boðuð og veittur 2ja vikna andmælaréttur. Engin andmæli bárust.

(Viðkomandi heilbrigðiseftirlit) fór í eftirfylgniferð í (fyrirtæki) þann dd.mm.yyyy til að athuga hvort kröfum um úrbætur hafði verið sinnt. Slíkt hafði ekki verið gert. Því veitir (viðkomandi heilbrigðiseftirlit) (fyrirtæki) áminningu.

Áminning er stjórnvaldsákvörðun sem bókfærð er í fundargerðum (viðkomandi heilbrigðiseftirlit) sem eru birtar opinberlega. Ef ástandið breytist enn ekki til batnaðar er boðuð sölustöðvun á vanmerktar efnavörur í samræmi við 3. lið þvingunarúrræða með tilheyrandi tveggja vikna andmælarétti eins og áður.

Virðingarfyllt,

Fh. (viðkomandi heilbrigðiseftirlit)

(Nafn)

Heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent: X og Y og viðkomandi innflytjanda og/eða framleiðanda.

Úttekt á eiturefnageymslum og starfsháttum í tengslum við sölu á eiturefnum

Við úttekt á eiturefnageymslum og starfsháttum við sölu á eiturefnum er reynt að tryggja að eiturefni séu geymd í læstri geymslu og að sala þeirra fari eftir þeim reglum sem um hana gilda. Þannig er stuðlað að öryggi almennings og umhverfis. Það er hins vegar á ábyrgð Vinnueftirlits að tryggja öryggi hins vinnandi manns, í þessu tilviki hvort geymslan er fullnægjandi loftræst. Fjallað er um kröfur um kaup og sölu eiturefna í 5. kafla. Við sölu á eiturefnum skulu öryggisblöð fylgja vörunni.

Öllum spilliefnum skal skilað til viðurkenndra móttökustöðva. **Hér er vert að benda á að umbúðir eiturefna flokkast sem spilliefni.** Gátlistann hér fyrir neðan er líka hægt að nota við skoðun á efnageymslum hjá garðaúðurum, meindýraeyðum og á verkstæðum.

Gátlisti:

	Já	Nei	Á ekki við
1. Er geymslan læst?			
2. Er tryggt að eiturefni berist ekki í niðurföll?			
3. Er sölubók til staðar þar sem fært er inn í réttri tímaröð öll sala á viðkomandi eiturefni?			
4. Fer sala þannig fram að tryggt sé öryggi viðskiptavinarins að hálfu seljandans?			
5. Eru öryggisblöð afhent við söluna?			
5. Eru umbúðir í lagi?			
6. Hefur leyfishafi í fullri dagvinnu ekki færri en einn mann við söluna, er hefur sérstaka þekkingu á umræddum efnum? *			
7. Eru umbúðir með íslenskum varnaðarmerkingum, í samræmi við rg. 236/1990?			
8. Er spilliefnum sannarlega skilað til viðurkenndra móttökustöðva fyrir spilliefni?			

* ATH. ekki er gerð krafa um fulla viðveru þessa aðila.

Úttekt hjá innflytjendum/framleiðendum hættulegra efna

	Já	Nei	Á ekki við
1. Eru hættuleg efni/efnavara almennt merkt skv. gildandi reglugerð?			
2. Er merkt skv. öryggisblöðum?			
3. Hver sér um merkingar?			
4. Eru hættuleg efni geymd á tryggan og öruggan hátt? (þar sem börn ná ekki til, aðskilið frá matv., fóðurv., lyfjum, osfrv.)			
5. Eru umbúðir vel luktar?			
6. Eru öryggislok til staðar?			
a) Tx, Tc, C			
b) Xn H65, úðunarílát undanþegin			
c) >3% metanól, CAS nr. 67-56-1			
d) >1% díklórmetan, CAS nr. 75-09-02			
7. Er ápreifanleg viðvörðun fyrir sjónskerta til staðar? (Tx, T, C, Xn Fx, F. Undanþegið Fx og F úðabrúsar)			
8. Innihalda merkimiðar fullnægjandi upplýsingar? (Innfl./framl., varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, hættuleg innihaldsefni, magn vöru)			
9. Hvernig er tryggt að merkingarskyld vara fari merkt frá innfl. /framl./ dreifingaraðila? (t.d. hægt setja merkimiða á kassa sem fullmerkt vara er í)			
10. Eru snyrtivörur innfl./framleiddar?			
- ef JÁ, er reglum í snyrtivörureglugerð um merkingar fylgt?			
11. Er hættuleg efnavara framleidd í fyrirtækinu?			
- ef JÁ, er hún flutt til út?			
- ef JÁ, hvernig er merkingum háttað? (Öryggisblöð fengin að utan, reiknað skv. formúlu (efnablöndu), prófanir)			
12. Eru eitrefni flutt inn af viðkomandi?			

- ef JÁ, eru tilskilin leyfi til staðar?			
- ef JÁ, er tryggt að kaupendur hafi tilskilin leyfi?			
- ef JÁ, eru umbúðir í lagi (vel luktar, þéttar, leysast ekki upp af innihaldi, vandaðar, sterkar, (PET) öryggislok, áþreifanleg viðvörðun)			
13. Eru bannefni til staðar, sbr viðauki XVII í REACH (Dæmi: nonylfenól, 1,1,1 tríklóretan, metanól (T í yfir 10% styrk), sinkkrómat, blýsambönd, tinsambönd (tríbútýltin)).			
14. Vantar íslenskar viðvörðunarmerkingar á vörur skv. gildandi reglugerð?			

Eftirlit með öryggisblöðum

Birgjar skulu láta öryggisblað fylgja við afhendingu efnis ef það skal notað við iðnaðar- eða faglega starfsemi, hvort sem það er hreint eða í efnablöndu, ef það er hættulegt eða eitrað, þrávirkt, safnast fyrir í lífverum eða er eitrað eða er háð markaðsleyfi (sjá nánar í 2. kafla). Öryggisblað skal afhent á pappírformi eða rafrænt, án endurgjalds.

Þegar efnavörur eru seldar almenningi eiga merkingar og varúðar- og hættusetningar á vörum að duga í flestum tilfellum en til eru dæmi um að útbúnaður sé sérstakar leiðbeiningar um örugga notkun, þótt þess sé ekki krafist skv. lögum.

Efnaöryggisskýrsla skal fylgja efnum ef 10 tonn eða meira er framleitt eða flutt inn á ári. Öryggisblað skal uppfæra þegar nýjar upplýsingar koma fram um efnið.

Öryggisblað skal vera á íslensku, vera dagsett og skiptast í 16 kafla. Þær nýjungar sem komu með REACH reglugerðinni eru að nú skal öryggisblað innihalda skráningarnúmer efnisins (þó ekki 4 síðustu tölustafina) og netfang birgisins, 2. og 3. kafli hafa víxlást í röðinni samanborið við eldri reglur og váhrifasviðsmyndir fyrir innihaldsefnin skulu fylgja ef efnið er framleitt eða flutt inn í meira magni en 10 tonn á ári. Að auki á að tilgreina neyðarnúmer.

Skráningarnúmer eru sett saman úr 18 tölustöfum sem raðast þannig:

05 -1234567890 - 49 - 0000, þar sem

- 05 táknar forskráningu. Ef um skráningu er að ræða þá er talan 01,
- 1234567890 er handahófskennd talnaröð,
- 49 er reiknuð samtala - alltaf tveggja tölustafa.
- 0000 er einkennistala (index number) fyrir skráningaraðilann og ekki gefið upp út á við.

Öryggisblað skiptist í eftirfarandi 16 liði:

1. Auðkenning efnisins eða efnablöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins
2. Hættugreining
3. Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni
4. Ráðstafanir í skyndihjálpi
5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða
6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi
7. Meðhöndlun og geymsla
8. Takmörkun váhrifa/persónuhlífar
9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar
10. Stöðugleiki og hvarfgirni
11. Eiturefnafræðilegir eiginleikar
12. Vistfræðilegar upplýsingar
13. Atriði varðandi förgun
14. Upplýsingar varðandi förgun
15. Upplýsingar varðandi regluverk
16. Aðrar upplýsingar

Liður 15 á að veita upplýsingar um varnaðarmerkingu vörunnar. Finna þarf viðeigandi H- og V- setningar fyrir vöruna í samræmi við MSDS (R=H & S=V) og reglugerð nr. 236/1990.

Gátlisti fyrir eftirlit með öryggisblöðum

	Já	Nei	Á ekki við
1. Er öryggisblaðið fullgert og til staðar?			
2. Er öryggisblaðið á íslensku?			
3. Er öryggisblaðið í 16 liðum?			
4. Eru liðirnir 16 í réttri röð?			
5. Er forskráningar/skráningarnúmer til staðar?			
6. Hafa notkunarleiðbeiningar verið útbúnar og eru þær til staðar (gr. 31.4)			
7. Hefur váhrifasviðsmynd verið útbúin sem viðhengi við öryggisblaðið ef skráð efnið er framleitt/flutt inn magninu 10 tonn á ári eða meira?			
8. Hefur öryggisblaðið verið uppfært eftir þörfum?			
9. Hefur öryggisblaðið verið sent eftir aðfangakeðjunni, þegar þess er krafist?			

8. Gagnlegir tenglar

Starfsfólk Umhverfisstofnunar og sérsvið þeirra

Efni og efnavörur falla undir deild hollustuverndar á sviði umhverfisgæða hjá Umhverfisstofnun. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna upplýsingar um starfsmenn, sjá

<http://www.ust.is/Umhverfisstofnun/Starfsfolk/deildir/>

Reglugerðasöfn á netinu eru þessi helst:

- <http://www.reglugerd.is>
- <http://www.stjornartidindi.is>
- <http://www.rettarheimild.is>

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) og fulltrúar þeirra í efnavörueftirliti

Landinu er skipt í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði. Á svæðunum skipa viðeigandi sveitarfélög fulltrúa í heilbrigðisnefnd sem ráða síðan starfsmenn, heilbrigðisfulltrúa sem sjá um heilbrigðiseftirlit undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

Heilbrigðisfulltrúar, starfa í umboði viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þeir hafa umsjón með starfsleyfisgerð og eftirliti með efnavörum, hollustuháttum, matvælum, mengandi starfssemi og umhverfisgæðum á sínu eftirlitssvæði

Heilbrigðiseftirlitssvæðin 10 eru:

- [Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis \(HHK\)](#), s. 550 5400
- [Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar](#) s. 411 8500
- [Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis](#), s. 525 6795
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, s. 431 2740/431 2750
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, s. 456 7087
- [Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra \(HNV\)](#), s. 453 5400
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE), s. 462 4431
- [Heilbrigðiseftirlit Austurlands \(HAUST\)](#), s. 474 1235
- [Heilbrigðiseftirlit Suðurlands](#), s. 480 8220
- [Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja](#), s. 421 3788

Neytendastofa og tengill hennar er sér um RAPEX

Hlutverk Neytendastofu er að treysta öryggi og réttindi neytenda í viðskiptum og annast framkvæmd laga um neytendavernd. Neytendastofa er tengiliður Íslands í Rapex-tilkynningakerfinu þar sem koma fram ábendingar til allra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu varðandi hættulegar vöru aðrar en matvæli, lækningavörur og lyf. Þær tilkynningar er varða vörur sem teljast hættulegar vegna efnainnihalds sendir Neytendastofa til Umhverfisstofnunar sem kemur upplýsingunum áfram til heilbrigðisfulltrúa.

Virkt eftirlit Neytendastofu felst í því að tekið er við ábendingum ef fyrirtæki og fagmenn uppfylla ekki skyldur lögum samkvæmt eða réttindi neytenda eru ekki virt samkvæmt þeim lögum sem stofnunin hefur eftirlit með. Á grundvelli ábendinga um ætluð brot á lögum á málefnasviði sínu getur Neytendastofa beitt viðurlögum s.s. stjórnvaldssektum, sölubanni eða afturköllun á vöru ef brot eru alvarleg eða hættu er á heilsutjóni.

Tengiliður: Sesselja Th. Ólafsdóttir,